

Sjómennskan er líka grín
í dag samgledjast landsmenn sjómönnum sem kunna að gera sér glaðan dag þótt yfirleitt sé sjómennskan ekkert grín.



18

ÚRSLITALEIKUR VIÐ SVÍA Í DAG

Íslenska handboltalandsliðið kemst á Ólympíuleikana í Kína ef það vinnur Svía.



26

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júní 2008 – 147. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



BÝR EKKI TIL TÓNLIST TIL AÐ FÁ MYNDIR AF SÉR Í BLÖÐIN

Barði Jóhannsson segist ekki nenna að taka þátt í þessum íslenska hæg-leik.

HELGARVIÐTAL 16

Ekkert íslenskt flutningaskip á skipaskrá hérlandis

Öll íslensk kaupskip sigla undir erlendum fánum og íslenskir farmenn eru flestir starfsmenn færeyskra systurfélaga íslensku fyrirtækjanna. Nýsett lög um íslenska alþjóðlega skipaskrá eru talin meingölluð.

ATVINNUMÁL Öll kaupskip íslenskra skipafélaga sigla undir erlendum fánum og hafa verið færð undir erlendar alþjóðlegar skipaskrár. Íslenskir farmenn eru flestir starfsmenn færeyskra dótturfélaga Eimskipa og Samskipa. Lög um íslenska alþjóðlega skipaskrá, sem tóku gildi í ársbyrjun, eru af hagsmunaaðilum talin svo meingölluð að skráning kaupskipa á Íslandi sé í raun útilokuð.

Ægir Steinn Sveinþórsson, sem starfar að málefnum kaupskipaútgærdarinnar hjá Félagi skipstjórnarmanna, segir að baráttan fyrir alþjóðlegri skipaskrá hérlandis sé áratuga gömul, en ljóst hafi verið að það væri eina leiðin til að halda kaupskipum

undir íslenskum fána. „Vegna þrýstings frá ASÍ var hins vegar sett ákvæði í lögum um að íslenskir kjarasamningar gildi óháð því hverjir væru á skipunum og hvar skipin væru að sigla.“

Lög um alþjóðlegar skipaskrár hafa verið sett í fjölmörgum löndum til að bregðast við því að kaupskip flaggi erlendum fánum. Þá er tekið upp svokallað skattleysi í stað tonnagjalds og auk þess ívilnunum til þeirra sem starfa á skipum viðkomandi fyrirtækja. Þessar ráðstafanir hafa gert það að verkum að skipafélög sjá hag sínum vel borgið í viðkomandi ríkjum í alþjóðlegri samkeppni. Dæmi um þetta eru frá Írlandi og Færeyjum þar sem siglingar eru

blómstrandi atvinnuvegur. Írum tókst á þremur árum að fjölga kaupskipum um 70 prósent og atvinnutækifærum í greininni um 17 prósent þegar reglum var breytt.

Árið 1985 voru 50 flutningaskip skráð á Íslandi en nú er ekkert eftir. Farmönnum fækkar einnig hratt og telur Ægir Steinn að þeir séu tæplega 200 alls, þar af þriðjungur yfirmenn. Þeir eru langflestir starfsmenn færeyskra systurfélaga Eimskipa og Samskipa. Opinber gjöld af tekjum þeirra renna því í sjóði Færeyinga. Þessir sjómenn njóta ekki félagslegra réttinda hérlandis þrátt fyrir búsetu, til dæmis fæðingarorlofs og bóta.

Signý Sigurðardóttir, forstöðumaður flutningssviðs Samtaka verslunar og þjónustu, segir að íslenskir ráðamenn hafi aldrei haft áhuga á að taka á vandamálinu og sýnt því dæmalaust tómlæti. „Nýsett lög um íslenska skipaskrá skipta í raun engu máli. Skipafélögin hafa komið sér vel fyrir undir fánum annarra ríkja og njóta þar lagaöryggis og stöðugleika.“

Signý segir að eigi kaupskipaútgærd að þrífast og dafna á Íslandi, þurfi íslensk stjórnvöld að tryggja að rekstrarumhverfi þeirra fyrirtækja sem starfa í greininni sé samkeppnishæft við það umhverfi sem samkeppnisaðilarnir búa við.


- shá

ferðalög

EKKI HRÓARSKELDA AFTUR!
SKEMMTILEGAR OG MINNA ÞEKKTAR TÓNLISTARHÁTÍÐIR Í EVRÓPU

BESTU STRENDURNAR
HVERT SKAL HALDA Í SUMAR?
FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI Í dag verða suðaustan 8-15 m/s suðvestan og vestan til, annars mun hægari. Bjartviðri norðan til og austan en fer að rigna á landinu vestanverðu þegar liður á daginn. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4



SIRKUSLIST Í HAFNARFJÖRÐI Götulistamenn og félagar í fimleikafélaginu Björk settu skemmtilegan svip á hátíðahöldin í miðbæ Hafnarfjarðar. Bærinn fagnar hundrað ára afmæli og lögðu 25 þúsund manns leið sína á afmælishátíðina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ ARNÞÓR

Aðdáendur lögðu leið sína í Grófarhús til að sjá leikarann Viggo Mortensen:

Lottóvinningur fyrir náttúruvernd

FÓLK „Dyraverðirnir sögðu að þetta væri eins og á tónleikum, fólkíð bara streymdi inn,“ segir Svava Lóa Stefánsdóttir hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Um 1600 manns lögðu leið sína í Grófarhús til að skoða Skovbo, ljósmyndasýningu danska stórleikarans Viggo Mortensen, og fá eiginhandararitun hjá stjórnunni.

Ljósmyndir leikarans eru teknar í skógum víðs vegar um heiminn. Sýningargestir keyptu 102 af þeim 110 ljósmyndum sem Viggo hafði til sýnis á samtals þrjár milljónir króna. Ágóðinn rennur óskiptur til



STÓRLEIKARI 1.600 manns komu á sýningu Viggos Mortensen í Ljósmyndasafninu, sem er met, að sögn aðstandenda safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Náttúruverndarsamtaka Íslands. „Þetta er lottóvinningur fyrir okkur,“ segir Árni Finnsson, formaður samtakanna. Hann segir að Viggo sé mikill áhugamaður um náttúruna og hafi því ákveðið að styðja samtökin.

Viggo er frægastur fyrir leik sinn sem Aragorn í Hringadróttinsögu og harðjaxlinn Nikolai í Eastern Promises eftir David Cronenberg. „Hann er indæll maður, hann hefur þægilega áru,“ segir Árni. „Þetta er í fjórða sinn sem hann kemur hingað og honum finnst landið mjög fallegt.“

- sgj

Hafnarfjörður 100 ára: Hátíðin nær hápunkti með tertu og tónlist

HAFNARFJÖRÐUR Mikið var um dýrðir í Hafnarfirði í gær þegar bæjarbúar og gestir fögnuðu aldarafræmli bæjarins. Um 25 þúsund manns voru í miðbænum þegar mest var.

Hátíðahöldin hafa staðið frá því á fimmtudagskvöld og ná hápunkti í dag. Þá verður fólki meðal annars boðið upp á 100 metra langa afmælistertu. Auk þess verða skemmtiatriði fyrir alla fjölskylduna. Stórtónleikar hefjast á Ásvöllum klukkan 16.30 þar sem Kammersveit Hafnarfjarðar ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands kemur fram ásamt 700 manna afmælistjórn.

Atburðir afmælishátíðar fléttast saman við dagskrá sjómanna-dagsins sem er í dag.

- ovd

Grand HÁDEGI

Hádegishlaðborð alla virka daga. Grill á góðviðrisdögum.

Þegar vel viðrar er boðið upp á grill og veitingar í suðurgarðinum okkar. Þá er hægt að borða úti og njóta sumarsins. Grillveislur í boði fyrir hópa.

Hlaðborð kr. 2.150.-

weber

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Sígtúni / S. 514 8080 / www.GRAND.is

Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. hófuðborgarsvæðið 18-49 ára. skv. könnun Capacent í febrúar-apríl 2008.



Til hamingju með
daginn, sjómenn!


| GJALDMÍÐLAR | KAUP SALA |
|-----------------------------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 74,39 74,75 |
| Sterlingspund | 146,82 147,54 |
| Eura | 115,42 116,06 |
| Dönsk króna | 15,472 15,562 |
| Norsk króna | 14,575 14,661 |
| Sænsk króna | 12,360 12,432 |
| Japanskt jen | 0,7055 0,7097 |
| SDR 120,53 121,25 | |
| GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 149,2329 | |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands | |

Samfylking fengi hreinan meirihluta í Reykjavík samkvæmt Þjóðarpól Gallup: Fylgi Sjálfstæðisflokks hrynur

STJÓRN MÁL 45,4 prósent aðspurðra styðja Samfylkinguna í borgarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt Þjóðarpól Gallup sem kynntur var í fréttum RÚV í gær. Sjálfstæðisflokkur fengi 26,9 prósent, en fylgi hans hefur aldrei mælst minna í borginni.

Samkvæmt niðurstöðunum fengi Samfylkingin átta borgarfulltrúa og hreinan meirihluta, en Sjálfstæðisflokkur fjóra. Vinstri græn mælast með 19 prósent fylgi og þrjú borgarfulltrúa. Hvorki F-listi né Framsóknarflokkur næðu inn manni.

Fjórtnán prósent aðspurðra eru ánægð með meirihluta F-lista og



Í Þjóðarpólinum kom einnig fram að 56 prósent aðspurðra styðja ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Stuðningur við ríkisstjórnina hefur lækkað um þrjú prósentstig frá því í apríl, en samanlagt fylgi stjórnarflokkanna hækkar.

Sjálfstæðisflokkur mælist með 33 prósent fylgi á landsvísu og Samfylking með 31 prósent. 22 prósent styðja Vinstri græn, átta prósent Framsóknarflokk og fimm prósent Frjálslynda flokkinn.

Sextán prósent svarenda tóku ekki afstöðu og ellefu prósent sögðust myndu sitja heima ef kosið yrði í dag.


-sgj

Forvarnir til umræðu: Tóbakssjálfsalar verði bannaðir

BRETLAND Áform eru um að banna tóbakssjálfsala í Englandi, Wales og á Norður-Írlandi. Reyna á að draga úr reykingum ungs fólks. Svipuð áform eru fyrirhuguð í Skotlandi.

Tóbakssjálfsalar selja minni sigarettupakka en verslanir gera. Fyrir vikið eru þeir ódýrari og því er talið að ungt fólk sæki frekar í þá en stærri og dýrari pakka. Hugmyndir um að breyta umbúðum pakkanna og gera þá minna aðlaðandi hafa komið upp, sem og að fjarlægja auglýsingar og tóbak úr hillum verslana til að minnka aðhengi ungs fólks að sigarettum.

-kka



SKJÁLFTARNIR UNDAFNARNA DAGA Rauðir hringir sýna skjálftana í gær.

Meginskjálftinn var 6,3: Upptök skjálftanna í Ölfusi

JARÐSKJÁLFTI Veðurstofan sendi í gær frá sér kort sem sýnir upptök skjálftanna í Ölfusi undanfarna daga.

Meginskjálftinn varð þann 29. maí klukkan 15.45. Hann var að stærðinni 6,3 á Richter og eru áætluð upptök hans sýnd með stórum hring á myndinni. Áætluð brotalengd hans er 14 kílómetrar.

Gunnar B. Guðmundsson hjá Veðurstofunni segir að hreyfingin um misgengið sé hægrihandar sniðgengishreyfing þannig að bakkinn vestan megin við misgengið fari til norðurs en bakkinn austan megin til suðurs. Er þetta í samræmi við Suðurlandsskjálfta.

Litli hringurinn við suðvesturhorn Ingólfsfjalls sýnir upptök skjálftans sem setti stóra skjálftann af stað. Eftirskjálftavirkni suðvestan og norðaustan við meginmisgengið er í samræmi við útreiknaðar spennubreytingar vegna meginskjálftans.

-ovd

Margir hafa leitað aðstoðar

Þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur skjálftanna hafa verið opnaðar á Selfossi og í Hveragerði. Fólk á svæðinu er hvatt til að leita sér aðstoðar. Talsverður fjöldi fólks á skjálftasvæðinu hefur þegar þegið áfallahjálp.

JARÐSKJÁLFTI Fjöldi eftirskjálfta hefur orðið á skjálftasvæðinu frá því á fimmtudaginn. Tveir þeirra, báðir um 4 á Richter urðu um klukkan tíu á föstudagskvöldið um 3 kílómetra norður af Hveragerði. Þá urðu tveir snarpir eftirskjálftar um klukkan ellefu á föstudagskvöld. Sá fyrri var riflega 3,5 á Richter og sá seinni 4,3. Skjálftarnir áttu upptök sín við norðvesturenda Ingólfsfjalls og eru þeir taldir til eftirskjálfta á þeirri sprungu sem hrökk fyrst í megin-skjálftanum á fimmtudaginn.

Nokkur hræðsla greip um sig meðal íbúa á svæðinu og segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, það eðlilegt þó að fólk hafi verið búð undir snarpa eftirskjálfta. Hann segir fjórtán hús hafa verið rýmd á Selfossi í kjölfar skjálftanna og íbúar þeirra hafi leitað í fjölda hjálparstöð.

Nokkur fjöldi fólks gistir enn í hjálparstöðvum og segir Ólafur Helgi fólki hafa fjölgað sem leiti sér aðstoðar vegna andlegs álags eða vegna þess að það hafi áhyggjur. „Þetta er mikilvægasta verkefnið næstu daga, að leiða fólk í gegnum þennan eftirleik,“ segir Ólafur Helgi.

Á fundi samráðshóps áfallahjálpar í gær kom fram að viðbrögð við alvarlegum atburðum séu einstaklingsbundin. Þess vegna er mikilvægt að sýna öðrum umbráðarlynndi, skilning og svig-



VASKLEGA AÐ VERKI STAÐIÐ Starfsmenn Rauða krossins settu upp neyðartjöld á Selfossi, í Hveragerði og í Þorlákshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

rúm til að takast á við áfallið á sinn hátt. Gott er að vera vakandi fyrir þeim sem einangra sig eða líður illa en ekki sjúkdómsgera eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.

Tvær þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur jarðskjálftanna voru opnaðar í gær, önnur í Tryggvaskála við Ölfusárbrú á Selfossi og hin í

húsnæði Rauða krossins við Austurmörk í Hveragerði.

Ólafur Helgi segir margt fólk nú þegar hafa leitað til fjölda hjálparstöðvanna og hvetur hann þá sem þurfa á aðstoð að halda að leita þangað.

Í tilkynningu frá Rauða krossi Íslands segir að nokkur hundruð manns hafi nýtt sér áfallahjálp

Rauða krossins á skjálftasvæðinu undanfarna daga.

Jóhann Thoroddsen, verkefnastjóri Rauða krossins í sálrænum stuðningi, segir ljóst að margir búi enn að reynslu af skjálftunum árið 2000. Skelfing meðal íbúa sé þó ekki eins útbreidd og þá en engu að síður séu teymin að takast á við erfið mál.

olav@frettabladid.is

DALVÍKURBYGGÐ

Kanna áhrif malarnáms
Veidifélag Svarfaðardalsár fær 200 þúsund króna framlag úr sveitarstjóði Dalvíkurbyggðar upp í kostnað við rannsókn á áhrifum malarnáms úr ánni.

MIKILVÆGT AÐ FÓLK LEITI SÉR AÐSTOÐAR

Á skjálftasvæðum eru þjónustumiðstöðvar í Tryggvaskála við Ölfusárbrú á Selfossi og í húsnæði Rauða krossins við Austurmörk í Hveragerði. Þar geta allir á skjálftasvæðinu leitað sér upplýsinga í tengslum við afleiðingar skjálftanna en einnig eru þar veittar upplýsingar um hvar sálræna aðstoð er að fá.

Fólki er einnig bent á að hringja í Hjálparsíma Rauða krossins 1717 til að leita sér upplýsinga og aðstoðar. Besta áfallahjálpin til þeirra sem líður illa er að finna stuðning fjölskyldu og vina. Nálægð er oft mikilvægari en mörg orð.

FRÁ SAMHÆFING-ARMÍÐSTÖÐ
Samráðshópur áfallahjálpar hefur hafið störf en hlutverk hans er að samhæfa vinnubrögð þeirra sem sinna þolendum áfalls í kjölfar skjálftanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



TAKTU ÞÁTT!

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ 7. JÚNÍ 2008

SJÓVÁ

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 24° |
| Ósló | 27° |
| Stokkhólmur | 25° |
| Gautaborg | 24° |
| Helsinki | 23° |
| Eindhofen | 25° |
| Amsterdam | 21° |
| London | 18° |
| Berlín | 30° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 30° |
| París | 23° |
| Basel | 27° |
| Barcelona | 20° |
| Alicante | 24° |
| Algarve | 22° |
| Tenerife | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

916 HAFA LÁTIST

í umferðinni á 40 árum*

*á tímabilinu frá 26. maí 1968 til 26. maí 2008.

PHOTO: HUSID/ASA - 08-1110





ASKJA



Mercedes-Benz



6x Benz Mercedes-
C200 Kompressor

Sjómenn, til hamingju með daginn!

67 milljónir dregnar út í júní
Mercedes-Benz + 5,6 milljónir í skottið
Dregið 19. júní

(á tvöfaldan miða)

Tvöfaldaðu verðgildið með tvöföldum miða

Kaupið miða fyrir 5. júní.

Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

og tvöfaldur kostar 2.000 kr.

Kauptu miða á www.das.is

HAPPDÆTTI



Vinningur í hverri viku

Skoðaðu besta verðið

Sértilboð á Honda Accord hlöðnum staðalbúnaði



*70% erlent lán í myntkórfu (LÝS10) frá Lýsingu í 84 mánuði, hlutfallstala kostnaðar 11,1%.



Accord Special Edition 2.0i

155 hestöfl, sjálfskiptur, 17" álfelgur, þokuljós, Premium hljóðkerfi með 6 diska spilara, leður/tau innrétting

sértilboð kr. 2.699.000
kr. **31.652** á mán *



Accord Executive 2.0i

155 hestöfl, sjálfskiptur, 16" álfelgur, þokuljós, Premium hljóðkerfi með 6 diska spilara, leður innrétting, sóllúga

sértilboð kr. 2.895.000
kr. **33.948** á mán *



Accord Executive 2.4i

190 hestöfl, sjálfskiptur, 17" álfelgur, þokuljós, Premium hljóðkerfi með 6 diska spilara, leður innrétting, sóllúga

sértilboð kr. 3.225.000
kr. **37.827** á mán *



www.honda.is

Í Accord mætist allt það besta. Stórglæsileg hönnun helst í hendur við þægindi, gæði og vandaða aksturseiginleika. Accord er alvöru glæsivagn sem lætur fara vel um þig og hefur líka sportlega eiginleika á við þá allra bestu. Kraftmiklar vélarnar og ljúfir girkassarnir gefa ekkert eftir. Öllu þessu fylgir ríkulegur staðalbúnaður á einu besta verði sem finnst.



Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík
Sími 520 1100 • www.bernhard.is



GOTT FOLK / Jónmeyri Ástþógr

Á 20. öld börðust Íslendingar við Breta um fiskimiðin umhverfis Ísland. Að loknu síðasta þorskastríðinu árið 1976 var yfirráðaréttur þjóðarinnar yfir miðunum tryggður og fiskveiðilögsagan komin í 200 mílur. Guðmundur Kjærnested skipherra varð í hugum margra persónugervingur landhelgisbaráttunnar. Framganga hans og félaga hjá Landhelgisgæslunni við að tryggja lífsviðurværi sjómanna og þjóðarinnar allrar verður lengi í minnum höfð.

Frekari fróðleikur á hatidisdagar.is



Sjómenn,
til hamingju með daginn.

Guðmundur Kjærnested (Hilmir Snær Guðnason) og tveir varðskipsmenn fylgjast náið með breska togaranum Everton laugardaginn 26. maí 1973, þegar átök um 50 mílna fiskveiðilögsögu voru í algleymingi. Bresk freigáta kemur aðvífandi.



Landsbankinn

AFMÆLI

Jónsi í Svörtum fötum er 31 árs



Kristján Guðmundsson myndlistamaður er 67 ára

NAFNID MITT: HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR

Fékk augun hennar ömmu og karakterinn frá afa

Leikkonan Helga Braga Jónsdóttir er stolt af nafninu sínu en hún er skýrð í höfuðið á móðurömmu sinni Helgu og móðurafa sínum Braga, en móðir Helgu missti móður sína þegar hún var einungis sjö ára. Hún ætlaði sér því alltaf að skýra dóttur sína eftir henni.

„Mamma ætlaði að skýra mig Helgu Mjöll því henni fannst Mjallar nafnið svo fallett en Bragi afa sagði þá orðrétt: „Nei! þú ferð ekki að skíra krakkann Helgu Mjöll, þá halda allir að hún hafi verið getin í snjóskafla. Hún á að heita Helga Braga.“ Afi reif mig svo úr fanginu á dóttur sinni og tilkynnti prestinum þetta í athöfninni. Ég er honum þakklát fyrir því ég er engin Helga Mjöll.“

Allan grunnskólann var Helga Braga Jónsdóttir í bekk með annarri Helgu Jónsdóttur



svo hún var alltaf kölluð Helga Braga til aðgreiningar. Hún segir Brögu-nafnið því ást fyrir mörgum sem haldi að það sé ættarnafn eða að hún sé Bragadóttir en þetta er hennar eignarnafn og beygist Braga um Brögu. Á yngri árum var henni strítt eins og gengur en lét það ekki á sig fá.

„Stundum var reynt að kalla mig Helgu bílfelgu eða Helgu Bragakaffi en mér var engin stríðni í því svo það féll um sjálft sig. Ég var bara svo stolt af nafninu mínu. Ég er með stóru augun hennar Helgu ömmu og svo karakterinn frá Braga afa. Hann var skáld og mikill grínari, kallaður Refur bóndi. Hann gaf út ljóðabækur og var hálfgerður uppistandari síns tíma nema flutti allt í ferkskeytlum. Ég verð honum ævinlega þakklát fyrir röggseminu í skírinni minni.“



Tískustraumar gleraugna

Í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar mun gleraugnaverslunin Sjónlínán við Strandgötuna kynna á afmælisdögum bæjarins frá 29. maí til 1. júní mikið úrval af „vintage“ gleraugum frá síðustu öld.

Orðið „vintage“ kemur úr vingerð og er notað um sérstök árgangsvín en er einnig oft notað um aðra hluti eins og til dæmis fatnað, skartgrip, reiðhjól, golfkylfur og gleraugu frá ákveðnum árum eða tímabilum að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Sjónlínunni.

„Vintage“ gleraugu verslunarinnar eru í öllum tilfellum upprunaleg framleiðsla og eru ónotuð. Þarna er sérstaklega um að ræða umgjörðir frá árunum 1930 til 1980. Sjónlínán er eina gleraugnaverslunin á landinu sem sérhæfir sig á þessu sviði og hafa þessar umgjörðir notið mikilla vinsælda. Sérstaklega hjá yngri fólki sem hikar ekki við að kaupa sér gleraugu eins og afar þeirra og ömmur eða jafnvel langafar og langömmur gengu með á árum áður. Viðskiptavinir geta síðan fengið öll gler í réttum styrkleika bæði með lituðum og ólituðum glerjum.

Sjónlínán er fullbúin gleraugnaverslun með sjónmælingaþjónustu og gleraugnaverkstæði í hjarta Hafnarfjarðar.



Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is



ÍSLAND – RÚMENÍA

Nú þarf kvennalandsliðið í handbolta á stuðningi að halda til þess að vinna Rúmena og komast alla leið á Evrópumótið í Makedóníu.

Laugardalshöll
Í dag, 1. júní kl. 15:00
Aðgangur ókeypis

Mætum á völinn og hvetjum stelpurnar áfram!

Pósturinn styrkir A-landslið kvenna í handbolta

Glæsileg dagskrá!

SUNNUDAGUR 1. JÚNÍ 2008

Dagskrá sjómannadags og afmælisdags Hafnarfjarðar hefst með formlegum hætti þegar fána verða dregnir að húni árla morguns. Í framhaldi af því verður blómsveigur lagður að minnisvarða um horfna sjómenn og fram eftir degi er spennandi dagskrá við allra hæfi.

11:00 SJÓMANNAMESSA Í VÍÐISTAÐAKIRKJU

11:00 GUÐSPJÓNUSTA Í FRÍKIRKJUNNI Í HAFNARFIRÐI

11:00 FJÓLSKYLDUGUÐSPJÓNUSTA Í HAFNARFJARÐARKIRKJU

Í tilefni sjómannadagsins verður þema guðspjónustunnar „sjór og saga.“ Mikið verður gert úr söng og hljóðfæraleik og eftir guðspjónustuna verður útihátíð og grill á kirkjuplaninu. Æskulyðsfélagið verður með leiktæki og trébátar verða á kirkjutjörninni, sem börn fá að sigla.

11:00 ÓLA RUN TÚN NEÐAN VIÐ LINDARHVAMM

Verðlaunaafhending vegna hugmyndasamkeppni um Óla Run túnið, veitt eru verðlaun fyrir 1. til 3. sæti auk þess sem skemmtilegasta tillagan fær verðlaun. Hróturinn Lúlli Geirs verður á svæðinu ásamt nokkrum kindum. Um að gera að taka með sér nesti og njóta útiverunnar á túninu. Hugmyndir sem tóku þátt eru til sýnis í Bókasafni Hafnarfjarðar til klukkan 17:00.

12:00-18:00 ÁSVALLALAUG

Gestum og gangandi býðst að skoða húsið og þær framkvæmdir sem eru í gangi

13:00 HÁTÍÐARFUNDUR BÆJARSTJÓRNAR Í GÚTTÓ

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar kemur saman og heldur fund í þessu sögufræga húsi.

14:00 HÁTÍÐARSAMKOMA Í HAFNARBORG

Útnefning bæjarlistamanns og hvatningarstyrkir veittir og Eyjólfur Eyjólfsson syngur. Samkoman er ætluð boðsgestum.

HAFNARSVÆÐIÐ – VEGLEG FISKIVEISLA

Hafnarsvæði iðar af lífi á Sjómannadaginn og margt og mikið að gerast frameftir degi og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

11:30 Kænumót á vegum Siglingaklúbbsins Þyts.

12:00 Boðið til glæsilegrar fiskiveislu við höfnina við harmonikkuundirleik.

12:15 Elding heldur í fyrstu siglingu.

12:30 Sjóræningjar ganga um svæðið, skemmta börnunum og gefa blóðrur.

12:45 Fagriklettur heldur í fyrstu siglingu – sjóræningjasigling með öllu tilheyrandi.

13:00 Lúdó og Stefán leika fyrir dansi á bryggjuballi. Þessir landsþekktu listamenn taka öll sín vinsælustulög í gegnum tíðina í 90 mínútna dagskrá.

13:00 Félagar úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar sýna dans á bryggju.

13:15 Elding heldur í aðra siglingu.

13:45 Fagriklettur – 2. sjóræningjasigling

13:30 Sýning björgunarsveitar – listflug – heimsókn frá þyrlu.

Landhelgisgæslunnar. Gera má ráð fyrir 30-45 mínútna dagskrá.

14:00 Sjómenn heiðraðir og ávörp.

14:15 Elding – 3. sigling

14:40 Bryggjuballið heldur áfram þar sem Lúdó og Stefán leika fyrir dansi.

14:45 Fagriklettur – 3. sjóræningjasigling

15:00 Fyrirtækjaáskorun á sjó. Spennandi fjölþraut í glænýjum búningi með Jónsa í Svörtum Fötum.

AFMÆLISHÁTÍÐ Á HJÚKRUNAR- OG SJÚKRASTOFNUNUM

14:00 Hin árlega kaffisala og handverkssýning verður frá kl. 14-16 að Hrafnistu.

14:30 Caprí Tríó skemmtir á Hrafnistu.

15:10 Caprí Tríó á Sólvangi og boðið upp á afmælistertu.

15:45 Caprí Tríó á St. Jósefs og boðið upp á afmælistertu.

15:00 ÚTIKAFIBOÐ

Afmælisgestum er boðið í kaffi og afmælistertu í miðbæ Hafnarfjarðar, nánar tiltekið á Strandgötunni. Í boði verður glæsileg 100m löng súkkulaðiterta merkt bæjarfélaginu. Með þessu verður boðið upp á Merrild kaffi og iskalda mjólk. Kókubóðið hefst kl. 15:00 og stendur til kl. 16:00 eða svo lengi sem birgðir endast.

Glæsileg skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna á Thorsplani á meðan gestir gæða sér á góðgætinu:

Nemendur frá Lækjarskóla sýna atriði úr Jesus Christ Superstar

Hara systur taka lagið af sinni alkunnu snilld

Jónsi tekur nokkur lög og syngur afmælistönginn

Brúðuleikhús: Pétur og Úlfurinn

Plötusnúður – DJ Daddi Diskó spilar til klukkan 17:00

16:30 HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Á ÁSVÖLLUM

Stórglæsilegir hátíðartónleikar með Kammersveit Hafnarfjarðar og Sinfónihljómsveit Norðurlands auk 700 manna afmælistórs Hafnarfjarðar. Einsöngvarar eru Elin Ósk Óskarsdóttir, Ágúst Ólafsson og Eyjólfur Eyjólfsson. Einleikari er Ármann Helgason. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Íþróttahúsið á Ásvöllum verður fært í hátíðarbúningi í tilefni dagsins. Skutlur standa gestum til boða frá Firðinum frá klukkan 16:00 og flytja gesti að Ásvöllum.

Tónleikunum verður útvarpað beint á Rás 1.

Tónleikar sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

ADGANGUR ÓKEYPIS.

Goða skemmtun!





*Til hamingju með afmælið
Heimboð í Hafnarfjörð
afmælisdaginn
2. júní*

*Hjartanlega
velkomin!*



Ég er ekki hress en hef gert hressandi hluti

Út er komin platan *Ghosts from the Past* með Bang Gang og höfundur hennar **Barði Jóhannsson** kemur fram með Sinfóníu-hljómsveit Íslands og frönsku söngkonunni Keren Ann næstkomandi fimmtudagskvöld í Háskólabíói. *Anna Margrét Björnsson* átti spjall við Barða um tónlistina, sjónvarpsþættina og brennandi ástríðu fyrir kastölum.

Barði Jóhannsson býður ekki upp á venjulegt kaffi heldur sérstaka blöndu af Nescafé með kókómjólk út í. Ég sest í notalegan sófann og hann spyr mig hvort ég hafi náð að hlusta á eintak af plötunni sem hann brenndi fyrir mig um daginn. Fyrsta plata Bang Gang, *Something Wrong*, naut mikillar velgengni og nú er önnur platan á leið í verslanir.

Já, ég hlustaði á plötuna og sá einhvers staðar að þér myndist hún þung. Ég get nú ekki sagt að ég sé sammála því.

„Ég ætlaði að gera mjög þunga plötu. Mér finnst platan frekar þung en hún er með birtu yfir sér. Hún sándar sennilega miklu opnari en síðasta plata.“

En textarnir eru nú allir ansi dramatskir. Tilfinningaþrungnir.

„Tja, fólk verður nú bara að dæma það sjálf.“

En svo að við spólum aðeins afturábak. Hvenær byrjaði eiginlega þessi brennandi tónlistarhugi?

„Ég hef alltaf verið í kringum músík, man ekki eftir öðru. Það hafa alltaf verið hljóðfæri á heimilinu eins og gítar, trommur og píanó. Svo hlustaði ég mikið á Bubba, Sverri Stormsker, Duran Duran og Billy Idol þegar ég var krakki. Ég fór svo í Gítarskóla Ólafs Gauks og í FÍH og tók nokkur stig þar. En þá fannst mér þetta orðið gott. Mér fannst svo leiðinlegt að spila lög eftir aðra. Mátti ekki einu sinni velja lögin sjálfur þannig að mér fannst þetta hálf tilgangslaust. Þá byrjaði ég að semja lögin sjálfur. Auðvitað byrjaði maður á því að semja léleg lög. En þau voru samt lögin mín sem ég var að spila. Með fyrstu lögunum sem ég gaf út voru svo ársáttíðarlög fyrir MR.“

Er hægt að grafa þau upp?

„Það vona ég ekki. En það má ekki heldur gleyma Opp Jors í tíunda bekk en það var fyrsta alvöru hljómsveitin mín. Við gáfum út þrjár kassetur. Þá fjölfaldaði maður kassetur. Þetta var selt í Prumunni og ég held að við höfum selt heil 25 eintök og vorum gríðarlega ánægðir með það. Þetta var vinsælt í skólanum mínum. Eða ekki. Ég veit það ekki. Þetta var svona diskó-dauða-popp.“

Nú, ertu ekki að gera það núna líka?

„Nei, ekki alveg. Við vorum að reyna að syngja eins og í dauðarokks-hljómsveit og svo var elektrónískt diskó-dauðarokk á bakvið. Þetta var tilraun. Það mátti hafa gaman af þessu.“

I'm here in the building to turn up the bass

„Í menntaskóla fæddist einnig hljómsveitin Bang Gang en í dálítið öðru formi en hún er núna. Þar gáfum við Henrik Björnsson út vinylskífuna „Listen Baby“. Það var svona sörf-lag. Svo varð Bang Gang að sólvörk-efni hjá mér og tónlistarstefnan breyttist.“

Þér hefur verið lýst af frönsku pressunni sem karakter úr Edward Gorey-bók og „myrkraprinsinum“. Svo gerir þú svona myrka hluti eins og Håxan, og kvikmyndina Red Death sem fær Íslendingar hafa séð. Hvaða „gothic“-element er þetta eiginlega í þér?

„Þetta er bara ómeðvitað. Það sem mér finnst flott og skemmtilegt er bara svona. Ég hef til dæmis mikinn áhuga á vampírmyndum og mér finnst kastalar flóttir. Það eru ekki til neinir kastalar á Íslandi. Ég er alltaf að leita að góðum kastölum. Það er mikil óheppni að fæðast í landi þar sem eru engir kastalar.“

Svo ert þú maðurinn sem fann upp orðið FM-hnakk. Var það meðvitað ákvörðun að gera hnakkalög með Mercedes Club?

„Já, við Henrik fundum orðið upp á sínum tíma. En nei, ég átti bara að gera þrjú lög fyrir Laugardagslögin, og ég gerði eitt svona týpískt hresst íslenskt lag, annað svona friðarlag og þriðja átti að vera svona hressst euro-technólag.“

En situr þú heima og hlustar á svona hóhó-lög?

„Njah... ég læt aðra um það.“

Þú situr ekki heima og hlustar á Mercedes Club?

„Ég náttúrlega bý þetta til þannig að ég hlýt að heyrja þetta! Þessa dagana hlusta ég þó mest á hana Duffy. Hún er hressandi.“

Hvaða ástæður heldur þú að séu fyrir því að Mercedes Club er vinsælasta hljómsveit landsins?

„Ég spái ekkert í það. Er að gera lagið BassCop fyrir þau í Mercedes Club núna. I'm here in the building to turn up the bass...“

Hvar færðu innblástur í þessa mögnuðu texta?

„Nú, Ceres 4 og strákarnir komu með þetta síðasta.“

Þjóðin var ekki tilbúin í Konfekt

Fólk heldur að þú sért ekki hress af því þú nennir ekki að blaðra í viðtölum og svara asnalegum spurningum. Til dæmis hefur þú farið á kostum í sjónvarpsviðtölum þar sem spyrjar verða hvumsa þegar þú svarar með eins atkvæðis orðum. Þá fer nú almennigur að halda að þú sért stórskrytinn.

„Þegar fólk spyr asnalega getur það búist við að fá asnaleg svör.“

Hver er fáránlegasta spurning sem þú hefur fengið?

„Ég hef nokkrum sinnum verið spurður „Ertu ekki orðinn ríkur á því að gera tónlist?“ Ef ég vildi verða ríkur þá ynni ég í banka eða færi í lögfræði. Mér finnst þetta mjög myndin spurning. Velgengni hérlendis er mæld í peningum en ekki þeirri list sem maður skilur eftir sig. Ég væri ekki að sækja um styrki ef ég ætti nóg af peningum. Ef maður segir frá einhverju spennandi sem maður er að fara að gera þá er alltaf viðkvæðið: „Já, og færðu ekki svakalega vel borgað fyrir það?“

En svo ertu samt búinn að gera einhverja af þeim hressustu hlutum sem hafa birst hér á landi. Ólafur á X-inu til dæmis,

„Nei! Ólafur var ekkert hress. En hann var hressandi. Það er munur þar á. Ég forðast að vera hress, en reyni að vera hressandi. Ég hafði mjög gaman af útvarpsmennskunni.“

Ög Konfekt á Skjá einum?

„Konfekt var ekkert hress heldur! En Konfekt voru gríðarlega mikilvægir þættir sem fái skildu þegar þeir voru sýndir. Það má finna nokkra búta úr þeim á Youtube núna. Það voru afar hressandi þættir. Við Henrik vinur minn ákváðum að gera þátt sem var eins og það sem okkur sjálfa langaði að sjá í sjónvarpinu.“

En þjóðin hefur ekki verið sammála?

„Nei, þjóðin var ekki sammála, það var töluvert hringt og kvartað eftir að fyrsti þátturinn fór í loftið. Fólk langaði að sjá eitthvað auðmelt, og vill yfirleitt fá útskýringar á því sem er að gerast á skjánum. Ég held hins vegar að fólk sé mun móttækilegra í dag fyrir svona þætti. Við erum enn í dag að fá hrós frá fólki sem skildi út á hvað þættirnir gengu. Það er kannski búið að stíga skrefin smá í áttina að þessu í sjónvarpinu. Ég kann að búa til hluti sem passa í ákveðna formúlu. En ég forðast svoléiðis þegar ég geri mína eigin hluti. Þar er engin málamiðlun. Þegar ég geri plöturnar mínar er ég ekki að gera þær til að þóknast neinum nema mér. Auðvitað er gaman að fá hrós, en ég sendi ekkert frá mér sem ég er ekki sáttur við. Ég reikna aldrei með að öllum líki það enda geta þeir sem



BARÐI JÓHANSSON „Ég er ekki að gera tónlist til að fá myndir af mér í blöðin og verða frægur.“ Mynd/Ami Barwell

“

Velgengni hérlendis er mæld í peningum en ekki þeirri list sem maður skilur eftir sig. Ég væri ekki að sækja um styrki ef ég ætti nóg af peningum.

ekki hafa gaman af tónlistinni minni bara hlustað á eitthvað annað. Ég las einu sinni dóm um plötu eftir mig sem íslenskur blaðamaður skrifaði, hann fjallaði ekkert um tónlistina og skrifaði eitthvert órókstutt bull. Ég komst svo að því síðar að ástæða skrifanna væri sú að hann væri pirraður yfir því að mér hafði verið hleypt fram fyrir hann í röð á bar.“

Er ekki Konfekt II á döfni?

„Okkur langar mjög mikið til þess að gera aðra séru. Ég veit að fólk er mjög móttækilegt fyrir Konfekt I þessa stundina, kannski við gerum bara Konfekt II núna og sýnum það eftir fimm ár.“

Er ekki í einhverjum sleikjuleik

En að öðru. Plöturnar þínar eru ekki hressandi, þær eru dálíð dramatskar. Þú gerir ekki myndna tónlist.

„Víst hef ég gert myndna tónlist. Ég gerði til dæmis lög með Tvíhöfða eins og smellina „I Miss My Bitch“ og „Let Me Be Your Uncle Tonight“.

En þessi plata er mjög persónuleg. Það er mikið tilfinningaflæði í þessu.

„Maður reynir að setja eins mikið af sjálfum sér í tónsmíðarnar eins og maður getur. Mér líður alltaf vel þegar ég er að gera músík.“

Ertu einhver tímavann ekki að semja tónlist? Ertu ekki að vinna í þessu 24 tíma á dag?

„Jú, en stundum er ég að vinna fyrir sjálfan mig og stundum fyrir aðra. Ég get til dæmis ekki verið að vinna í tvo tíma í minni tónlist og svo tvo tíma í einhverju öðru. Eg verð bara að klára eitt í einu. Eða hafa 6-7 klukkutíma til að gera mitt. Til að komast í fllinginn.“

En þú ert vinnusjúklingur. Hvað gerir þú þegar þú ert ekki að vinna?

„Þá er ég að skipuleggja eitthvað í kringum vinnuna. Bóka túra og eitthvað svona. En ég hef mjög gaman af því sem ég er að gera. Sumir fara til dæmis í vinnuna og koma svo heim og horfa á sjónvarpið. Mér finnst skemmtilegra



ferðalög

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]

JÚNÍ 2008

**EKKI
HRÓARSKELDA
AFTUR!
SKEMMTILEGAR OG
MINNA ÞEKKTAR
TÓNLISTARHÁTÍÐIR Í EVRÓPU**

BESTU STRENDURNAR

HVERT SKAL HALDA Í SUMAR?

FRELSIÐ

BAK VIÐ LÁS OG SLÁ

**VILHJÁLMUR GUÐJÓNSSON OG
GUÐMUNDUR ÞORVARÐARSON
REKA HÓTEL Í LÖGREGLUSTÖÐ Í
SUÐUR-AFRÍKU**

**HIPPAHVERFI Í VILNÍUS, RÓMANTÍSKAR SVÍTUR Í RÓM, TÖFRAR VÍETNAMS,
BÆKURNAR Í FRÍÐ OG ÓMAN, GIMSTEINN MIÐAUSTURLANDANNA**

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELMUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

TÖKUM KRÍLIN MEÐ

Anna Margrét Björnsson skrifar

Þegar minnst er á sumarfrí við barnafólk eru strandfrí oftast það fyrsta sem því dettur í hug. Þægilegt hótél þar sem ekkert þarf að hafa fyrir börnunum og börn vilja jú ekki gera neitt annað en byggja sandkastala eða leika sér í sundlauginni. Eða hvað? Mér finnst oft að við séum of rög að draga krílin með í frí og vanmetum áhuga þeirra og forvitni á framandi slóðum. Auðvitað er ekki allt jafnsniðugt, eins og að draga tveggja ára barn í bakpokaferðalag um Inland, en það eru samt ótal kostir til fyrir krakka sem eru fjölbreyttari en Disneyworld og Costa del Sol. Í borgum Evrópu er ótalmargt áhugavert að sjá og skoða og við ættum að muna að smáfólkinu leiðist alls ekkert að fara á söfn. En eins og með alla góða hluti: það er ágætt að muna að þeir eiga að koma í litlum skömmtum og passa sig að hafa ekki skoðunarferðina of langa. Þú verður að lesa þér aðeins til um verkin eða hlutina sem þú ert að fara að sjá svo þú getir gefið börnunum skemmtilegar útskýringar og heyrt þeirra viðbrögð. Náttúrugripasöfn eru svo auðvitað með því langskemmtilegasta sem krakkar upplifa, og fjölmargar borgir státa af fallegum slíkum söfnum þar sem hægt er að sjá beinagrindur risaæðla og fjölda áhugaverðra hluta. Dýragarðar eru svo önnur paradís fyrir börn og reyndar bráðnaðsýnlegt að sýna þeim hinar ýmsu furðuskepnur veraldar, og margar þeirra sem jafnvel eru í útrýmingarhættu. Ef spurningin „En er ekki sorglegt fyrir þau að vera í búri?“ kemur upp er svo hægt að ræða það mál fram og til baka. Svo er allur fjöldinn til af söfnum sem eru sérstaklega fyrir börn eða hluti safna sem er tileinkaður börnum og mætti gera meira af því hér á Íslandi. Í fyrra fór ég einmitt með mín tvö, sex og fimm ára, til Vínarborgar sem er auðvitað paradís listasafnanna og það kom mér á óvart hversu einlæg áhuga þau höfðu á öllu því sem fyrir augu bar. Við fórum meðal annars á sérstakt safn þar sem börn geta tekið þátt í klukkustundar prógrammi þar sem þau læra ýmislegt sniðugt. Þarna var meðal annars verið að sýna krökkum hvernig ætti að endurvinnna hluti og af hverju við gerum það, hvernig hægt er að nýta sólarorkuna og hversu marga kílómetra uppáhaldsávöxturinn þeirra hefur ferðast til þess að lenda á diskunum þeirra. Og svo þarf maður heldur ekkert endilega að skipuleggja daginn. Það er líka stórfínt að rölta um götur erlendra borgar og horfa á hana með forvitnum augum barnsins. Ég lofa því að maður mun sjá hana í algjörlega nýju ljósi.

ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is

Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir

Forsíðumynd Eyjan Lefkas, Grikklandi / AFP

Penningar Alma Guðmundsdóttir, Jón Sigurður Eyjólfsson

Ljósmyndir Fréttablaðið, Getty Images

Auglýsingar Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is



SUMAR Í RÓMARBORG

Langar þig að líða eins og þú búir í raun og veru í Róm? Leigðu þá svítu í hinum nýju og dásamlegu Portrait Suites sem leynast í rómantísku götunni Via Bocca di Leone í hjarta borgarinnar. Boðið er upp

á fjórtán falleg stúdíóherbergi með litlum eldhúsum og marmara í baðherbergunum. Á sjöundu hæð eru stórar svalir með frábæru útsýni þar sem hægt er að njóta morgunverðar eða bara fordrykk.

Nýjung í Róm að sumarlagi er ný strönd sem búið er að skapa við ána á milli Ponte Sant'Angelo og Ponte Umberto og svo er alltaf hægt að leigja vespu til að fanga Audrey Hepburn-stemminguna.

HVAÐ? Portrait Suites HVAR? via Bocca di Leone 23. www.lungarnohotels.com

ÞRJÁR Á STRÖNDINA

Að mörgu er að huga þegar fara á til útlanda. Góð bók er eitt af því sem er kjörið að hafa meðferðis og grípa í á ferðalaginu, hvort sem það er á ströndinni eða í flugvélinni.

Við báðum Völvu Árnadóttur, starfsmann hjá Eymundsson í Kringlunni, að benda okkur á þrjár áhugaverðar bækur sem vert er að lesa í fríinu. Allar eru þær í kilju og eru því bæði ódýrar og handhægar.

Gríðastaður eftir Raymond Khoury

„Ég mæli með þessari bók því ég hef alltaf mjög gaman af þessum fléttum sem byggjast á frímúrarareglunni. Þetta er skemmtileg lesning því þó að þetta sé fantasía byggir hún á þessari þekkingu og vísu sem fylgir frímúrarareglunni og er bæði trúarleg og sögulegs eðlis, ekki ósvipað bókunum hans Dan Brown. Þetta hefur alltaf heillað mig og ég trúí því ekki að þetta geti allt saman verið tilbúningur.“

Steinsmiðurinn eftir Camilla Läckberg

„Camilla er einn söluhæsti rithöfundur Svía og það hafa verið gefnar út tvær aðrar bækur eftir hana á íslensku; Ísprinsessan og Prédikarinn. Þetta er fjölskyldusaga sem gerist á síðustu öld frá um 1920-1980. Hún er skemmtilega skrifuð sögulega séð og fléttan er góð. Þetta er bók sem heldur manni alveg og maður þarf ekki að hugsa of mikið á meðan maður les.“

Brúðkaupsnóttin eftir Ian McEwan

„Hún er nýkomin svo ég hef ekki lesið hana ennþá, en á ensku heitir hún On Chesil Beach. Þótt titill bókarinnar sé rómantískur er þetta alls ekki rómantísk ástarsaga, heldur óvenjuleg örlagasaga fólks sem fær mann til að hugsa um hvernig lífið getur verið. Ian skrifaði einnig Atonement, en mynd eftir henni var nýlega sýnd í kvikmyndahúsum hérlendis.“



1 KR

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

1 kr. aðra leiðina + 690 kr. (flugvallarskattur)

Gildir til 31. maí – bókaðu á www.flugfelag.is

Þetta Hugabók



Barcelona



Frankfurt Hahn



Alicante



Varsjá



Eindhoven



Billund



Berlín

14 áfangastaðir í sumar

Bókaðu núna!

» Börn:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express býður flug til 14 áfangastaða í sumar, vítt og breitt um Evrópu. Bókaðu núna á www.icelandexpress.is

Iceland Express

með ánægju 



Stokkhólmur



London



Gautaborg



París



Basel



Kaupmannahöfn



Friedrichshafen



KÚLHETT Í KÖBEN

Kaupmannahöfn blómstrar í orðsins fyllstu merkingu á sumrin. Kaffihús og barir færa kvíarnar út á götur og torg og tónleikahald á sér stað í lystigörðum um alla borg. Hotel TwentySeven er fullkomlega staðsett rétt hjá Kónsins Nýjja-torgi og þykir eitt það smartasta í Kaupmannahöfn. Herbergin eru einstaklega skemmtilega hönnuð eins og reyndar hótelið allt og þar er einnig að finna veitingastað/bar sem heitir Rhum:ble og er í fallegum bakgarði þar sem hægt er að njóta blíðunnar. Ef þú ert svo alveg að deyja geturðu farið inn á ísbar hótelsins sem er eins og nafnið gefur til kynna, búinn til algjörlega úr ís sem kemur beint frá Laplandi.

HVAD? Hotel TwentySeven HVAR? Löngangsstræde 27, Kaupmannahöfn www.hotel27.dk



HEIMAMAÐURINN


► Melbourne, Ástralíu

ÓLAFUR PÁLSSON

UPPÁHALDSVEITINGASTAÐURINN? Oyster er frábær veitingastaður í gamla hluta miðborgarinnar sem sérhæfir sig í ostrum og öðrum sjávarréttum. Á hverjum degi er happy-hour milli hálf sex og hálf sjö, þar sem allar ostrur eru á hálfvirði. Sart er ítalskur veitingastaður sem er í finni kantinum og maður þarf yfirleitt að bóka með minnst tveggja vikna fyrirvara, en hann er vel þess virði.

HVAR ER BEST AÐ FÁ SÉR ÖL? Á sumrin er það Rooftop Bar. Maður er undir berum himni ofan á hárra byggingu í miðborginni milli allra háhýsanna, þeir eru með útibíó á sumrin og sýna yfirleitt bara gamlar myndir, meiriháttar huggulegt. Á veturna er það Section 8, falinn lítill bar í Kínahverfinu sem er alltaf með ótrúlega góða strauma.

FLOTTASTI BARINN? Það er án efa Panama Dining Room í Fitzroy, á einni opinni hæð í New York-stíl. Þar er yfirleitt fólk á aldrinum 23-35 ára.



BESTU GÖTURNAR TIL AÐ KAUPA

FÖT? Í Brunswick St. í Fitzroy-hverfi er „alternative“ og „retro“-fatnaður, litlar hönnunarbúðir með frábæra hluti inni á milli. Um helgar er markaður á þessari götu sem selur ódýra Melbourne-hönnun. Svo er Little Colin Street í miðborginni, fyrir smart fatnað og skó. Ótrúlega evrópsk gata með mjóum göngustígum og litlum kaffihúsum á hverju horni. Loks er það Chapel Street í South Yarra-hverfi sem er talið tískuhverfi Melbourne og búðirnar sýna það vel.

BESTI STAÐURINN EFTIR KLUKKAN TVÖ

AÐ NÓTTU? Er Night Cat í Fitzroy. Þar er rómanskur/Kúbu-filíngur og það bregst ekki að það eru fleiri á dansgólfinu en á barnum eða annars staðar á staðnum. Þar spilar líka stór hljómsveit og stemningin er góð.

RÓMANTÍSKASTI GÖNGUTÚRINN?

St. Kilda-ströndin. Ótrúlega falleg gönguleið meðfram sjónum með borgina í baksýn.



GIMSTEINN PERSAFLÓANS

Í um fjögurra stunda akstursleið frá glys og glamúrlífi Dubai-borgar liggur ríkið Óman. Þetta dularfulla land er nýjasta ferðabóla Mið-Austurlanda en þeir sem hafa heimsótt landið segja að það sé eins og að fara aftur á tíma gamla testamentisins. Óman er eyðimerkurland þar sem hægt er að skoða stórfenglegar hallir, miðaldarþorp þar sem fólk ræktar papaya og ástaraldin, og fornar hafnarborgir en Ómanir voru mikil siglingaþjóð. Hér lifa heimamenn að mörgu leyti eins og þeir gerðu fyrir tvö þúsund árum þrátt fyrir

að olíugróði hafi skilað sér í bættu vegakerfi, skólum og sjúkrahúsum. Ferðamenn til Óman geta farið í reiðtúra á kameldýrum, farið í skútusiglingar, skoðað sjávarskjaldbökur eða slappað af í lúxusheilsulindum. Í höfuðborginni Múskat er hægt að gista á afbrigðsgóðum hótelum sem bjóða upp á öll vestræn þægindi en stutt er í dularfullar sandöldur, litskrúðuga markaði og túrbanklædda fjárhirða. Dubai er sögð vera að missa alla sálina, en ferðastrumurinn til Óman er rétt að byrja.

HAFÐU ÞAÐ GOTT Í SUMARFRÍINU



VIÐ PÖSSUM UPP Á HEIMILIÐ MEÐ HEIMAVÖRN

Securitas hefur ætíð verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring. Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa í síma **580 7000**

HEIMAVÖRN



EKKI HRÓARSKELDA AFTUR

Heimsóknir Íslendinga á hinar ýmsu tónleikahátíðir hafa verið að færast mikið í aukana undanfarin ár. Langflestir fara auðveldu leiðina og skella sér einfaldlega á Hróarskeldu og enn aðrir leita til Bretlandseyja þar sem urmull af stórum hátíðum er á hverju strái. Steinþór Helgi Arnsteinsson rúntaði hins vegar um Evrópu og fann nokkrar vel valdar tónleikahátíðir sem gætu heillað ferðaglatt tónlistaráhugafólk.

Sónar – Barcelona, Spáni. 19.-21. júní.

Fyrir hverja? Danstónlistaráhuga-fólk, heimsborgara og hippstera. **Hverjir spila?** Boyz Noise, Goldfrapp, Hercules & Love Affair, Justice, M.I.A., Ricardo Villalobos, Róisín Murphy, Yazoo og allir plötusnúðar heimsins sem eitt-hvað er varið í.

Af hverju? Ótrúlega svöl hátíð. Á daginn fer hún fram í miðborg Barcelona en á kvöldin fara allir með rútu upp í eitthvert iðnaðarmannahverfi þar sem dansað er langt framánæsta dag í risastórum vöruskemmum. Allir finna eitt-hvað við sitt hæfi og skemmtunin er í hámarki.

Rock Werchter – Werchter, Belgíu. 3.-6. júlí.

Fyrir hverja? Fólk sem vill stóra tónleikahátíð en er komið með leið á Hróarskeldu.

Hverjir spila? Beck, Hot Chip, Jay-Z, Kings of Leon, MGMT, Mika, Neil Young, R.E.M., Radiohead, Sigur Rós, Slayer, The Verve, Chemical Brothers og Vampire Weekend.

Af hverju? Þarna koma fram eiginlega öll stóru nöfnin í tónlist í dag. Og líka öll þau forvitnilegustu. Þrátt fyrir að hátíðin sé stór og veigamikil hefur hún að einhverju leyti farið framhjá mörgum. Hún hefur einnig unnið til verðlauna sem besta tónleikahátíð heimsins af ILMC-samtökunum, hvorki meira né minna.

EXIT – Novi Sad, Serbíu. 10.-13. júlí.

Fyrir hverja? Fólk sem langar til Serbíu en ekki á Júrónisjón.

Hverjir spila? Booka Shade, Gogol Bordello, The Gossip, Laurent Garnier, Manu Chao, N.E.R.D., Nightwish, Paul Weller, Primal Scream, Roni Size, Sex Pistols, Soulwax og kannski Björk (ef hún hættir að styðja sjálfstæðisbaráttu Kósóvó).

Af hverju? Einhver mest sjarm-

erandi tónleikahátíð Evrópu enda hefur hún oft verið valin besta tónleikahátíð álfunnar af ýmsum aðilum, nú nýlega af samtökum evrópskra tónleikahátíða. Ekki spillir að hátíðin fer fram við nítjándu aldar virki, alveg við Dóná. Tónleikar frá morgni til kvölds og partið eftir því.

Pohoda – Trencín, Slóvakíu. 18.-19. júlí.

Fyrir hverja? Bakpokaferðalanga og ævintýrafólk.

Hverjir spila? Audio Bullys, Brazilian Girls, The Cribs, Editors, Fatboy Slim, The Gossip, Joan Baez, Matthew Herbert, Miss Kittin, Pendulum, Solomon Burke, The Subways, Unkle og The Wombats.

Af hverju? Lítil, einföld en flott hátíð. Líklegast sú ódýrasta sem völ er á miðað við gæði. Inngangur á hátíðina er nokkrir þúsundkallar, stór bjór kostar undir hundrað kall og maturinn lítið meira. Hingað mætir nær eingöngu fólk frá Slóvakíu sem tekur vel á móti útlendingum og gerir allt til að skemmta þeim.

Paléo – Nyon, Sviss. 22.-27. júlí.

Skráðu þig á póstlista FÍ á www.fi.is Relgulegar fréttir af ferðum og félagslífi

Árbók FÍ kemur út í apríl
Hjörleifur Guttormsson skrifar um Loðmundarfjörð, Borgarfjörð eystri, Víkurnar ofl.

Ferðafélag Íslands
Fyrir alla fjölskylduna

Ferðafélag Íslands

www.fi.is | fi@fi.is | sími 568 2533



að gera músík en að horfa á sjónvarpið. Mér finnst það skemmtilegra en að spila golf. Og skemmtilegra bara en allt. Nema að maður verður að hitta vini sína öðru hvoru.“

Þú átt stóran hóp af vinum í tónlistinni og ert með sterkt tengslanet víðs vegar um heiminn.

„Ég er svo heppinn að hafa kynnst frábæru fólki í gegnum tíðina og við höldum góðu sambandi. Ég vinn með frábæru fólki sem hefur svo orðið vinir mínir. En það er fullt af fólki sem ég tala ekki við sem væri kannski praktískt fyrir mig að tala við. Ég vil frekar hafa góð samskipti við fáa heldur en tilgerðarleg yfirborðskennd samskipti við alla. Það kannski skilar sér líka í því að fólk sér að maður er ekki yfirborðskenndur. Ég segi það sem mér finnst. Ég er ekki að þykjast vera einhver annar en ég er. Í einhverjum sleikjuleik. Sumir eru alltaf að reyna að geðjast öllum og þar af leiðandi ristir það svo grunnt. Þá verður það bara einhver gufa.“

Forðast leti, tala minna, gera meira

Talandi um vini þá er Keren Ann að koma til landsins og þið eruð að fara að spila með Sinfóníunni núna 5. júní í lok Listahátíðar. Hvernig hittust þið og hvernig hófst ykkar samstarf?

„Við hittumst á bar. Það var búið að segja okkur að við ættum að hittast þannig að þá hittumst við, skiptumst á diskum og síðan sendum við hvort öðru tölvupóst og sögðumst hafa haft gaman af hvors annars músík og við ættum að prufa að vinna saman í nokkra daga og sjá hvað myndi gerast. Það endaði í Lady and Bird-disknum og svo höfum við gert ýmislegt annað saman síðan, alltaf til dæmis verið með lag á hvors annars plötu, við gerðum tónlist við heimildarmynd um Andy Warhol og skrifuðum bók saman. Við sömdu líka þrjú lög í stúdíói í Malmö. Eitt af

→ List, kvikmyndir og sjónvarp – Barði hefur komið víða við



FRÁ VINSTRI: **STYTTA AF BARÐA** í raunstærð sem er á Triennale-listasafninu í Milanó. Barði hannaði klæðnað og fylgihluti við verkið. **STUTTMYNDIN RED DEATH**: „Ég hef gífurlegan áhuga á því að spreyta mig meira á kvikmyndum.“ **SJÓNVARPSPÁTTURINN SÚRREALÍSKI KONFEKT**: „Það var töluvert hringt og kvartað eftir að fyrsti þátturinn fór í loftið.“

þeim lögum fór í auglýsingu fyrir frönsku hraðlestirnar og lagið Malmö Lives er í myndinni um

Andy Warhol. Við töku það lag með Sinfóníunni, og nokkur með Lady and Bird, svo verður þetta

Bang Gang og Keren Ann í sitt hvoru lagi.“

Er tónlistin í Lady and Bird ólík því sem þú ert að gera í Bang Gang eða er þetta hin hliðin á peningnum?

„Ég held að Bang Gang, Lady and Bird og Häxan og allt þetta tengist alveg á þann hátt að þar er ég að gera það sem mér sýnist. Eins og nýjustu plötuna. Það var enginn sem stóð yfir mér og sagði mér hvaða lög ég ætti að velja. Hvernig hljómi ég ætti að hafa. Eins með Lady and Bird, plötuframtækið heyrði ekki plötuna fyrr en hún var tilbúin. Það er engin pressa frá Discograph né EMI um að gera eitthvað sérstakt. Ég sendi þeim bara lögina og þeir eru voða ánægðir.“

Þú kannst réttu tókin á svona tónlistardílingum.

„Ég er mjög meðvitaður um alla samninga sem ég hef gert. Þetta snýst bara um að vera fylginn sjálfum sér og standa við það sem maður segir. Ef þú vilt eiga góð langtímasamskipti við fólk þá skilar það sér ef þú ert duglegur og stendur við það sem þú segir. Svo er til fólk sem er óheildarlegt og gengur vel líka. En ég ætti í erfiðleikum með að sofa á kvöldin ef ég væri slíkur einstaklingur. Ef ég ætti að gefa einhverjum sem er að byrja í bransanum ráð þá væri það að forðast leti. Tala minna, gera meira. Það er mjög algengt að fólk sé eitthvað að taka upp plötu og eyði meiri tíma í að tala um að það sé að taka upp plötuna heldur en í rauninni að taka hana upp. Þetta er ekki mjög vænlegt til árangurs.“

Nenni ekki hæpi

„Núna var ég að klára tónlist við myndina Beyond the Void sem fjallar um Íslendinginn Ingvar Þórisson sem kleif fjallið Ama Dablan. Við Einar Tönsberg, þekktur sem Eberg, gerðum hana saman, en við höfum samið ýmislegt saman, meðal annars tónlistina við Pressuna á Stöð 2.“

Ertu þá að sampla einhverja Himalaya-tónlist inn í þetta?

„Nei, við notum samt einn munk úr myndinni og bjöllur í nokkur stefin.“

Stuttmyndin Red Death, sem var byggð á smásögu Edgars Allans Poe, var sýnd í Pompidou-safninu fyrir nokkrum árum og fékk góðar viðtökur. Ætlarðu ekki að spreyta þig meira á kvikmyndum?

„Jú, ég hef gífurlegan áhuga á því. Það vita mjög fáir um þá mynd. Mig minnir að ég hafi viljað sýna hana hér heima en það var lítil áhugi fyrir því.“

Kunna útlendingar betur að meta þig en landinn?

„Á Ítalíu var gerð stytta af mér í fullri stærð og ég hannaði fót á styttuna. Hún var sýnd á Triennale, sem er nokkuð virt listasafn í Milanó. En þegar ég spurðist fyrir hér hvort það mætti sýna hana var enginn áhugi fyrir því.“

Hvar er hún þá?

„Hún er enn úti. Ég má fá hana á næsta ári en hún er 186 cm á hæð þannig að ég efast um að maður óski eftir henni.“

En nú er fullt af merkjum Frökkum og fjölmiðlamönnum að koma hingað heim að hlusta á þig í Háskólabíói.

„Þetta eru bara blaðamenn og þeir sem ég hef verið að vinna með.“

Nei, þetta er nú rjóminn af öllu sem mikilvægt þykir í Frakklandi.

„Æ, ég nenni ekki að vera að telja þetta lið upp.“

Ertu svona hógvær?

„Ég er búinn að vera með útgáfusamning hjá EMI í fimm ár og ef ég ætti að senda fréttatilkynningu í hvert skipti sem ég tala við yfirmann útgáfu EMI eða aðra útgefendur og listamenn gerði ég líklega ekki annað en að skrifa. Eg nenni ekki að taka þátt í þessum íslenska hæp-leik. Ég er ekki að gera tónlist til að fá myndir af mér í blöðin og verða frægur.“

Getur þú haldið verðbólgunni í skefjum?

HAGFRÆÐIDEILD

www.vidskipti.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hjá okkur ættir þú að komast nær svarinu. BS-nám í hagfræði er sérlega góður grunnur fyrir starfsframa, svo sem í fjármálageiranum og í öðrum störfum þar sem kunnátta í fjármálum kemur að gagni. BA-nám í hagfræði er unnt að móta að óskum nemenda og veitir þeim færi á að læra aðra námsgrein samhliða hagfræði, svo sem stjórnmálafræði og fjölmiðlafræði. Hagfræðinám er síðast en ekki síst góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í hagfræði og fjármálum, innan lands og utan. Umsóknarfrestur er til 5. júní. Sótt er um rafrænt á www.hi.is



ÖLL
LISTRÆN AFREK VERÐA LÉTTARI MEÐ FÁRHAGSLEGUM STUÐNINGI

HVÍTA HÚSID / SÍA - 08-0997

MENNINGARSJÓÐUR GLITNIS STYRKIR UNGT TÓNLISTARFÓLK

Menningarsjóður Glitnis auglýsir til umsóknar styrki fyrir unga hljóðfæraleikara og söngvara. Veittir verða allt að fjórir styrkir að upphæð 500 þúsund krónur hver. Gert er ráð fyrir að umsækjendur séu í framhaldsnámi eða hafi lokið því nýlega og eru styrkirnir ætlaðir til þess að aðstoða umsækjendur við að hasla sér völl í listgrein sinni. Umsækjendur skulu vera 30 ára eða yngri. Áætlað er að veita styrkina í júlí 2008. Umsókn skal skila til Menningarsjóðs Glitnis, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, fyrir 13. júní næstkomandi.


Reglur og nánari upplýsingar um styrkina er hægt að nálgast í móttöku Glitnis á Kirkjusandi 2 eða á www.glitnir.is/tonlistarfolk/.

ÞÍN VELGENGNI ER OKKAR VERKEFNI

GLITNIR

LINDIR

SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI



3 LÁGVÖRUVÆRÐSVERSLANIR Á SAMA STAÐ



ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

OPNUNARTILBOÐ Í
FULLUM GANGI



OPIÐ ALLA DAGA!



VIRKA DAGA 11-19
LAUGARDAGA 11-18
SUNNUDAGA 12-18

KRONAN

ALLA DAGA 11-19

INTERSPORT

VIRKA DAGA 11-19
LAUGARDAGA 11-18
SUNNUDAGA 12-18



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Innritun er hafin:

- > SKRIFSTOFUBRAUT I – STÆBUNDIÐ NÁM OG FJARNÁM
- > SKRIFSTOFUBRAUT II – STAÐBUNDIÐ NÁM OG FJARNÁM
- > OFFICE SKILLS PROGRAMME FOR FOREIGN STUDENTS
- > HAGNÝTT VIÐSKIPTA- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM -
- > STAÐBUNDIÐ NÁM OG FJARNÁM.

Nánari upplýsingar á www.mk.is eða hjá Ingu Karlsdóttur, fagstjóra í síma 5944000/8244114 eða ik@mk.is



Ég var 37 ára heimavinnandi þriggja barna móðir þegar ég ákvað að fara út á vinnumarkaðinn eftir langt hlé. Til að auka starfsmöguleika mína leitaði ég að námi sem myndi skila mér góðum atvinnumöguleikum. Ég valdi Skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi. Námið hentaði mér mjög vel, var hagnýtt og vel skipulagt. Í dag starfa ég sem bókarí lífeyrissjóði.

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Innritun fyrir haustönn 2008

Innritun fyrir haustönn 2008 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 11. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.

Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:

- bóknámsbrautir til stúdentsprófs:
- félagsfræðibraut,
- málabraut,
- náttúrufræðibraut,
- viðskipta- og hagfræðibraut,

brautir Heilbrigðisskólans:

- heilbrigðisritarabraut,
- heilsunuddarabraut,
- lyfjatæknabraut,
- læknaritarabraut,
- sjúkraliðabraut,
- brúarnám á sjúkraliðabraut og
- tanntæknabraut,
- viðbótarnám til stúdentsprófs



- almenn námsbraut.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Þar er einnig kynning á skólalstarfinu, myndir úr félagslífi o.fl.

Skólinn býður upp á fjarnám allt árið.

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Skólameistari

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

STUÐ MILLI STRÉÐA Umhverfissvænni og ódýrari skemmtiferðir

ÞÓRUNNI ELÍSBETU BOGADÓTTUR FINNST EKKI LENGUR LEIÐINLEGT AÐ TAKA STRÆTÓ



Ég nota stundum strætó. Á árum áður fór það mikið í taugarnar á mér að þurfa að ferðast á þennan hátt – sérstaklega þegar ég var í menntaskóla sem var svo langt frá heimilinu að það tók að minnsta kosti fjörutíu mínútur að komast á milli staða í strætó. Það var reyndar fyrir tíma hraðleiða og fleiri ferða á háannatímum. Eftir að ég fékk bílprófið reyndi ég að stilla strætóferðunum í algjört lágmark.

Í vetur tók ég hins vegar upp á því á nýjan leik að taka strætó. Ég viðurkenni að það kom til af því að ég á ekki bíl, en samt aðallega vegna þess að þar sem ég telst til

háskólanema fékk ég frítt í strætó. Og ég get ekki sagt annað en að strætó sé hinn finasti ferðamáti, svona á þessum síðustu og dýrustu tímum, svo lengi sem ég þarf ekki að skipta á milli strætisvagna og bíða í lengri tíma á Hlemmi eða Lækjartorgi. Með því er ég líka mun umhverfissvænni en ef ég væri á bíl, og spara auðvitað stórfé.

Það er vinsælt hjá mörgum sem ekki taka strætó að segja að það taki of langan tíma – sömuleiðis heyrir ég fólk oft segja að það séu bara útlendingar, öryrkjar, unglingar og eldri borgarar sem taki strætó. Eins og það sé bara góð og gild ástæða til þess að forðast vagnana. Í strætó eru reyndar kynstrin öll af fólki. Fólk sem er

mjög áhugavert að fylgjast með og með iPod í eyrum er ferðin oft bara hrein og bein skemmtun.

Ég lendi mjög sjaldan í því að vagnstjórar séu leiðinlegir, en það er einmitt eitt í viðbót sem ég hef heyrð fólk kvarta undan. Það er nefnilega lítið bragð sem ég nota sem reynist vel, og ekki bara í strætó. Ég brosi til fólks og býð góðan daginn. Það kemur manni ansi langt. Svo langt meira að segja að um daginn þurfti ég að komast í vinnu en lenti á strætó sem var heyrur akstri. Það var ekki mikið vandamál og vagnstjórinn skutlaði mér bara beinustu leið hingað í Skaftahlíð fyrst hann var að fara í áttina. Það vantar sko ekki þjónustuna í strætó.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> AL Í ÓPERUNA

Al Gore gerir það gott með óþægilega sannleikanum sínum. Heimildarmyndin An Inconvenient Truth og samnefnd bók hafa þegar slegið í gegn, og nú er von á óperu um sama efni. La Scala-óperuhúsið í Milánó hefur tilkynnt að tónskáldið Giorgio Battistelli hafi verið ráðið til að gera óperu eftir sköpunarverki Gores fyrir haustið 2011.

fólk

Reynslusögur úr hernum

Breski tónlistarmaðurinn James Blunt heldur tónleika í Laugardalshöll 12. júní næstkomandi og bíða margir spenntir eftir komu hans. Freyr Bjarnason ræddi við hann um það sem á daga hans hefur drifið undanfarið.

Blunt, sem er að koma til Íslands í fyrsta sinn, hefur verið á stífri tónleikaferð um heiminn síðan í janúar og lýkur henni ekki fyrr en í febrúar á næsta ári. Fyrr í mánuðinum ferðaðist hann um Suðaustur-Asíu en þegar blaðamaður ræddi við hann var staddur í Höfðaborg í Suður-Afríku. „Við höfum verið á túr síðan í janúar og höfum skemmt okkur mjög vel. Fólk mætir á tónleikana þúsundum saman og syngur með, þannig að þetta hefur verið frábært.“

Fimmtán milljónir seldar

Blunt sló í gegn með plötu sinni Back to Bedlam sem kom út fyrir þremur árum þar sem hið geysivinsæla You're Beautiful var að finna. Platan hefur selst í ellefu milljónum eintaka um heim allan og þar af um 5.500 eintökum á Íslandi, sem verður að teljast frábær árangur. Nýja platan hans, All the Lost Souls, kom út í fyrra og hefur þegar selst í fjórum milljónum eintaka, þar af í um þremur þúsundum hér heim. „Ég samdi hana á Ibiza þar sem ég hef til umráða píanó og gítar. Ég vildi semja lög sem væru sterk og gætu staðið ein og sér,“ segir Blunt, sem á hús á Ibiza með eigin hljóðveri.

Hin auðveldi önnur plata

Fjölmíðlar tala oft um að listamenn lendi í erfiðleikum með sína aðra plötu eftir gott gengi á þeirri fyrstu en Blunt blæs á slíkar fullyrðingar. „Af hverju tala þeir aldrei um hina auðveldu aðra plötu? Í annað sinn sem maður gerir plötu er það auðveldara vegna þess að maður hefur meiri



JAMES BLUNT Breski tónlistarmaðurinn stígur á svið í Laugardalshöllinni 12. júní næstkomandi ásamt hljómsveit sinni. Hann segir að fjölmíðlar búi til sögur um að fólk annaðhvort elski tónlist hans eða hafi.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

reynslu, þekkingu og sjálfstraust. Fyrsta platan mín var frekar saklaus og barnaleg og kannski var hún svona vinsæl út af því. En á þessari hafði ég miklu meira að semja um vegna þess að ég hafði ferðast um fleiri staði en nokkru sinni áður, hitt fleira fólk og unnið með fleiri tónlistarmönnum. Öll þessi reynsla hjálpaði mér og þessi plata er betri en sú fyrsta.

Mér finnst ég hafa búið til eitt hvað sem ég er stoltur af og elska að hlusta á.“

Bjargaði fjölda mannlífa

Blunt stundaði herþjónustu í sex ár á vegum breska hersins og starfaði meðal annars í Kosovo-héraði þegar sú deila stóð sem hæst árið 1999. Sú reynsla hefur að sögn Blunts skilað sér í lögin

fullkláraðir og hafa í raun og veru ekki verið aðgengilegir fyrir almenning. Með okkar framtaki viljum við vera með alhliða og ítarlegri upplýsingar um íslenskar bíómyndir á einum stað sem eru aðgengilegar öllum.“ Að sögn Þórodds er stefnt að því í framtíðinni að vera með sýnishorn úr öllum íslenskum myndum á síðunni auk þess sem hægt yrði að horfa á þær í heild sinni.

Á meðal fleiri nýjunga á Kvikmyndir.is eru vídeógagnrýni, fjölbreyttara yfirlit yfir myndir í bíó og nýir topplistar.

SINDRI OG ÞÓRODDUR Sindri Bergmann og Þóroddur Bjarnason reka heimasíðuna Kvikmyndir.is.



50 CENT Hús rapparans 50 Cent brann til kaldra kola.

Glæsivilla brunninn

Sex manns voru flutt á sjúkrahús með reykeitrur eftir að glæsivilla í eigu rapparans 50 Cent brann til kaldra kola. Talið er að fyrrverandi kærasta rapparans, Shaniqua Tompkins, hafi búið þar ásamt tveimur börnum sínum.

Fyrr á árinu höfðaði Tompkins mál gegn 50 Cent þar sem hún krafðist þess að fá húsið til eignar. Ástæðuna sagði hún að 50 Cent, sem heitir réttu nafni Curtis Jackson, hefði lofað henni húsinu fyrir rúmum áratug. Grunur leikur á að íkveikja hafi valdið eldsvoðanum og saust sérfræðingar í íkveikjum á slyssaðnum.

Afboðar komu sína

Laurie Ann Gibson, bandaríski danshöfundurinn sem hugðist halda dansnámskeið hér á landi um helgina á vegum DanceCenter Reykjavík, hefur aflýst komu sinni til landsins. Námskeiðið átti að fara fram í dag og á morgun en fellur niður vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Laurie Ann hefur samið dansa fyrir listamenn á borð við Puff Daddy, Madonna, Missy Elliott og Aliciu Keys, og var einnig danshöfundur myndarinnar Honey.

Ný dagsetning á námskeiðinu með Laurie Ann verður auglýst síðar.

Semja nýtt efni

Matt Bellamy og félagar í bresku rokksvéitinni Muse eru farnir að huga að næstu breiðskífu sinni. Muse-strákarnir tóku sér frí eftir að hafa lokið alheimstónleikaferð sem farin var til að kynna síðustu breiðskífu þeirra, Black Holes and Revelations, sem kom út fyrir tveimur árum.

„Við erum byrjaðir að semja nýtt efni, lög sem fara á næstu plötu,“ segir trommarinn Dom Howard.

„Við erum bara nýbyrjaðir og nú snýst þetta aðallega um að spila okkur saman. Við túruðum svo lengi og nú þarf að koma í ljós hvort boltinn fer ekki að rúlla.“

Söngvarinn Matt Bellamy hafði áður sagt að ekki væri ljóst í hvaða formi næsta plata kæmi út. „Það er ómögulegt að segja. Kannski gerum við plötu, en þetta gætu líka orðið smáskífur á netinu eða 50 mínútna símfónía. Hver veit?“



BYRJADIR AFTUR Strákarnir í Muse eru farnir að huga að fimmtu breiðskífu sinni.

NORDICPHOTOS/GETTY

Nám með starfi

BORGARHOLTSSKÓLI

Nám á netinu / dreifnám / síðdegisnám

- Bókasafnstækni
- Margmiðlunarhönnun
- Skólalíðar
- Stuðningsfulltrúar
- Leiðbeinendur í leikskóla
- Félagslíðar
- NÝTT Félags- og tómstundanám

Ljósmyndun, teiknimyndagerð, umbrot, grafísk hönnun, litfræði, vefhönnun, sjónvarp, formfræði, safnafræði og kvikmyndagerð.

Innritun er til 13. júní. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar <http://dreifnam/multimedia.is>

Dave Grohl í bónus

Dave Grohl, forspraki rokksveitarinnar Foo Fighters, ætlar að stíga á svið með Paul McCartney í tónleikum Bítilsins fyrirverandi í Liverpool í kvöld. Þeir ætla að syngja dúett saman en ekki er vitað hvaða lag þeir ætla að flytja. Þetta verður skemmtilegur bónus fyrir tónleikagesti, þar á meðal þá 85 Íslendinga sem eru staddir í pílgrímsför í Bítlaborginni. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni þess að Liverpool er Menningarborg Evrópu í ár.



DAVE GROHL 85 Íslendingar verða vitni að dúett Daves Grohl og Pauls McCartney.

George einhleypur á ný

George Clooney og kærasta hans, Sarah Larson, eru hætt saman. Samband þeirra entist í ár, en þau sáuust fyrst saman á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í september á síðasta ári. Larson, sem hefur helst unnið sér það til frægðar að vinna Fear Factor, starfar sem fyrirsæta. Hún fylgdi Clooney á Óskarsverðlaunahátíðina fyrr á árinu, en hún er eina kærasta hans sem hefur fengið að ganga niður þann rauða dregil með leikaranum. Þau hafa nú slitið samvistum og Clooney er því enn á ný maður einsamall.

Coverdale óður í kjúkling

David Coverdale, söngvari Whitesnake, setur fram ákveðnar kröfur sem þarf að mæta þegar hann heldur tónleika hér á landi í næstu viku.

Hljómsveitin Whitesnake leikur í Laugardalshöll þriðjudaginn 10. júní. Enn er hægt að fá miða á þennan stórvíðburð, en þeim fer verulega fækkandi. Gömlu smellið munu hljóma í bunum, en einnig lög af elleftu plötu Whitesnake, Good to be Bad, sem nýkomin er út.

Bandið var stofnað árið 1978 af David Coverdale, sem þá hafði sungið með Deep Purple um hríð. Í fyrstu bar tónlist sveitarinnar yfirbragð Deep Purple, en um miðjan níunda áratuginn varð melódískt þungarokk allsráðandi hjá bandinu. Þá röðuðu smellið sér í hús – lög eins og „Here I Go again“ og „Is This Love“ – og bandið tók virkan þátt í „hár-rokk“ bylgju tímabilsins.

Alls kyns frægir karlar hafa spilað í Whitesnake í gegnum tíðina, menn eins og Steve Vai, Jon Lord og Ian Paice, en allan tímann hefur engum blöðum verið um það að fletta að Coverdale er aðalkarlinn í bandinu. Eftir fjögurra ára hlé endurvakti hann bandið árið 2002 með nýrri áhöfn og hefur verið að síðan. Söngvarinn fær nokkuð aðra meðferð á Íslandi en aðrir hljómsveitarmélimir. Hann mun ferðast um í límosínu á meðan hinir hristast í rútu. Coverdale umbíst alveg ólmur í kjúkling því erlendi umbin er búinn að vera í sambandi bæði við Ícelandair og hótelið út af alveg sérstökum kjúklingarétti sem Coverdale þarf að fá um leið og hann stígur um borð í flugvélinu og svo aftur þegar hann kemur inn á hótél.

Baksviðs í höllinni fær söngvarinn svo auðvitað sitt eigið herbergi. Hann leggur mikið upp úr góðu tei og heimtar Yorkshire te frá Taylors of



AÐALKARLINN Í WHITESNAKE David Coverdale vill fá sama kjúklingaréttinn tvisvar á dag.

Harrowgate auk sítrónu og hunangs. Hann biður líka um fimm ilmkeri og átta stofuheita lítra af blávatni.

gunnarh@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

STELPUARNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ

FORBIDDEN KINGDOM ER EINHVER SKEMMTILEGASTA OG ÖVÆNTASTA ÆVINTÝRAMYND SUMARSINS!

NÝTT Í BÍÓ!

„Ljófir endurfundir“ - P.P., DV

„Trú forverum sínum og er kærkomin víðbót í þessu mánudags séri. Meira er ekki hægt að bíða um.“ - V.V., Topp5.is / FBL

„Hasar, brellur og gott grín“ - S.V., MBL

„Biðin var þess virði“ - J.L.S., film.is

| SMÁRA BÍÓ | REGNBÖGINN | TILBOÐSVERÐ |
|--------------------------------|-------------------------------|--------------------------|
| SEX AND THE CITY | FORBIDDEN KINGDOM | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| SEX AND THE CITY LUXUS | KICKIN' IT OLD SKOOL | KL. 3 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GE | KL. 3 - 5:45 - 8 - 10:15 |
| INDIANA JONES 4 LUXUS DOLBY D | MADE OF HONOUR | KL. 3 - 8 - 10:10 |
| PROM NIGHT | BRÜÐGUMINN | KL. 6 EINSKUR TEXTI |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | | |
| SUPERHERO MOVIE | | |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | | |
| HORTON | | |

Nýtt í bíó

STELPUARNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ

„Ljófir endurfundir“ - P.P., DV

„Trú forverum sínum og er kærkomin víðbót í þessu mánudags séri. Meira er ekki hægt að bíða um.“ - V.V., Topp5.is / FBL

„Hasar, brellur og gott grín“ - S.V., MBL

„Biðin var þess virði“ - J.L.S., film.is

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

500 kr. í bíó! Gíðir á öðrum sýningar merktar með þessum!

| SMÁRA BÍÓ | REGNBÖGINN | HÁSKÓLABÍÓ | BORGAR BÍÓ |
|-----------------------|----------------------|-----------------------------|-----------------------------|
| SEX AND THE CITY | FORBIDDEN KINGDOM | KL. 2:30 - 5:15 - 8 - 10:45 | KL. 2:30 - 5:15 - 8 - 10:45 |
| INDIANA JONES 4 | KICKIN' IT OLD SKOOL | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:20 | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:20 |
| PROM NIGHT | HAROLD & KUMAR 2 | KL. 8 - 10 | KL. 8 - 10 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | MADE OF HONOUR | KL. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15 | KL. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15 |
| BRÜÐGUMINN | BRÜÐGUMINN | KL. 6 EINSKUR TEXTI | KL. 6 EINSKUR TEXTI |
| HORTON | | KL. 3:30 ÍSLÆNSKT TAL | KL. 3:30 ÍSLÆNSKT TAL |

TILBOÐSVERÐ SMÁRA BÍÓ REGNBÖGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGAR BÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ
KL. 3.30 HÁSKÓLABÍÓ

KL. 3 REGNBÖGINN

KL. 3 REGNBÖGINN

KL. 3 REGNBÖGINN

KL. 3.30 HÁSKÓLABÍÓ
KL. 3 BORGAR BÍÓ
KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ
KL. 2.30 BORGAR BÍÓ
KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ

KL. 3 REGNBÖGINN

TILBOÐSVERÐ TILBOÐSVERÐ TILBOÐSVERÐ TILBOÐSVERÐ

Ódýrt í bíó

500kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 550kr laugardag og sunnudag

SAMbio.is SAMBÍÓN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

| | | | | | |
|---|-------------------------------------|--|---|---|-----------------------------------|
| FORBIDDEN KINGDOM kl. 12:30 í Álfabakka og kl. 6 á Akureyri | SEX AND THE CITY kl. 2 í Kringlunni | Indiana Jones 4 kl. 12:30 í Álf. kl. 1:30 í Kri. og kl. 2 á Self. og í Kefl. | IRON MAN kl. 12:30 í Álfabakka og kl. 5:50 á Akureyri | ANIMES ÍSLAND kl. 1 í Álfabakka og kl. 2 í Kringlunni | DRILLBIT TAYLOR kl. 1 í Álfabakka |
|---|-------------------------------------|--|---|---|-----------------------------------|

Popp með alþjóðlegum blæ

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir er búin að vera að syngja síðan hún var átta ára. Hún var strax mjög efnileg. Hún sendi barnung frá sér nokkrar plötur, en Butterflies and Elvis er hennar fyrsta alvöru plata og fyrsta platan sem hún gerir undir listamannsnafninu Yohanna. Platan er tekin upp í Los Angeles og unnin með lagahöfundinum og upp-tökustjóranum Lee Horrocks sem ku vera einn af fremstu popphöfundum Sony samsteypunnar.

JÓHANNA GUÐRÚN
Á framtíðina fyrir sér.



Butterflies and Elvis hefur mjög alþjóðlegan hljóð. Það er ekkert sem tengir hana sérstaklega við Ísland. Platan er vel unnin í alla staði. Jóhanna Guðrún er mjög hæg söngkona, lagasmíðarnar eru margar fínar og hljómurinn er góður. Það er ekkert sjálfgefið að svona iðnaðarpoppplötur takist vel. Dæmin um hið gagnstæða eru ótal mörg. Styrkleikar Butterflies and Elvis eru fyrst og fremst í lagasmíðunum.

Það er fullt af lögum á plötunni sem hafa alla burði til að ná vinsældum,

TÓNLIST

Butterflies and Elvis

Yohanna

★★★

Það er fullt af finum popplagasmíðum á þessari fyrstu alvöru plötu Jóhannu Guðrúnar. Hún er vel unnin, en tónlistina vantar meiri karakter.

Þar á meðal Beautiful Silence, Indian Ropetrick, Butterflies and Elvis, Spaceman og Lose Myself. Það verður að teljast nokkurt afrek. Á sama tíma nær tónlistin ekki að verða spennandi. Þetta er vel gert, en tónlistina vantar meiri karakter.



Á heildina litið er þetta samt ágæt popplata. Jóhanna Guðrún á framtíðina fyrir sér og ef hún heldur áfram á sömu braut gæti hún vel náð langt í hinu alþjóðlega poppumhverfi.

Trausti Júlíusson



JCB 456ZX hjólaskófla

Árg. 2006, v.st. 900
4,6 rúmmetra skófla, SRS fjöðrun
Ólíumíðstöð, loftkæling, ný dekk
Hraðtengi tvær auka vökvagnir



Hyundai 160 LCD7 beltagrafa

Árg. 2006, v.st. 1850
Skófla, hraðtengi, tönn,
hamarlögn, 700 mm belti
Mjög snyrtileg og vel með farin vél



JCB 530-70 skotbómulyftari

Árg. 2001, v.st. 5500
Gafflar, hraðtengi, SRS fjöðrun



Manitou skotbómulyftari

Árg. 1999, v.st. 6900
Skófla og gafflar



MAN TG18.640 dráttarbífreið

Árg. 2003, ekinn 281000 km.
Dráttarstóll



Iveco Trakker

Árg. 2004, ekinn 141000 km.
Rafskiptur með Cantoni
hálfunnupalli



VÉLAVER

Sími 588 2600
www.velaver.is

BMW 1 línan

www.bmw.is

Sheer Driving Pleasure

BMW 116
5 dyra - 1,6l. - 115 hestöfl - 7,5 ltr./100km
10,9 sek./0-100km - 179 CO2 g/km
Frá kr. **3.300.000**

Fágaður

Fegraðu innkeyrsluna.

BMW 1 línan

Margur er knár þótt hann sé smár. BMW 1-línan er fágaður lúxusbíll, fyrir þá sem vilja nettan en öflugan borgarbil. Aksturseginnleikarnir eru óviðjafnanlegir og hönnunin í senn, stílhrein og klassísk. Það skiptir máli við kaup á bíl, að gæði og ending séu góð og daglegur rekstur eins hagkvæmur og kostur er. BMW 1-línan er búin Efficient Dynamics tækninni sem dregur verulega úr eyðslu og útblæstri. Skynsamir ökumenn kjósa vandaða vöru sem stenst tímans tönn. **Líttu við á Grjóthálsi og reynsluaktu BMW 1 línunni - strax í dag.**

BMW 116i Advantage, sjálfskiptur kr. 3.830.000
ABS - Aksturstölva - Business hljómtæki með cd - CBC (Cornering brake control) - DTC (Traction mode) - DSC (Dynamic stability control) - Fjarstýrðar samlæsingar - Hvít stefnuljós - Líttstýri - Hitaeinangrandi gler - Hliðarrekstrarvörn í hurðum - Isofix barnastólafestingar fyrir aftursæti - AUX tengi (ipod) - Start/stop ræsihnappur - Runflat dekk - Gráir innréttingarlistar - Vökvastýri - 6 Líknaþelgir - 5 Höfuðpúðar - BMW mottur - Málmíklak - 16" álfelgur - 6 þrepa sjálfskipting.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1210 - bmw@bmw.is - www.bmw.is
Bill á mynd BMW 116 sport. Fæst aðeins í sérpöntun.

Með bílinn handa þér

> Ekki skorað meira í tólf ár

Ekki hafa verið skoruð fleiri mörk í fyrstu fjórum umferðum úrvalsdeildar karla í tólf ár, eða síðan sumarið 1996. Alls hafa verið skoruð 77 mörk í fyrstu 24 leikjum...



sport
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR STEFÁNSSON: FYRIRLIÐINN AÐ VONUM SVEKKTUR Í LEIKSLOK EFTIR TAPIÐ Í GÆR:

Ég á að geta spilað miklu betur

Þau voru þung skrefin hjá Ólafi Stefánssyni landsliðsfyrirliða eftir leik. Hann var eðlilega svekktur með tapið og hann var einnig mjög ósáttur við eigin frammistöðu í leiknum.



Línumaðurinn Róbert Gunnarsson var einnig svekktur, hann barðist hetjulega í sókninni og var stökkbólginn við úlnliðinn eftir átökin.

TÖLFRÆÐIN

Forkeppni Ólympíuleikanna:

Ísland-Pólland 28-34 (12-15)
Mörk Íslands (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 7/3 (14/5), Arnór Atlason 6 (9), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (8), Ólafur Stefánsson 5/1 (14/2), Róbert Gunnarsson 3 (4), Alexander Petersson 2 (5), Vignir Svavarsson (1).

Leikur hinna glötuðu tækifæra

Ísland þarf að vinna Svía í hreinum úrslitaleik í dag um laust sæti á Ólympíuleikunum. Ísland tapaði fyrir Póllandi, 34-28, í hörkuleik þar sem strákarnir fóru oft illa að ráði sínu.

HANDBOLTI Ísland mætir Svíum í enn einum úrslitaleiknum í dag. Jafntefli fleytir Svíum á Ólympíuleikana og því dugir ekkert nema sigur. Ísland fékk tækifærin til þess að leggja Pólverja í gær, nýtti þau ekki og tapaði að lokum með sex mörkum, 34-28.



GÓÐ MARKVARSLA Hreiðar Levý Guðmundsson varði mjög vel í íslenska markinu og var einbeittur eins og sjá má á þessari mynd. Á myndinni fyrir neðan sést stemningin í stúkinni sem var engu lík hjá Pólverjunum.

Þegar leið á hálfleikinn og það hjálpaði liðinu að ná muninum aftur í 3 mörk fyrir hlé, 12-15. Strákarnir byrjuðu síðari hálfleik með látum, skoruðu tvö fyrstu mörkin, minnkuðu muninn í eitt mark, 15-14, og voru þess utan manni fleiri.

Hínir riðlarnir:

RÍÐILL 2 Í PARÍS, FRAKKLANDI

Table with 4 columns: Team, Score, Goals, Assists. Shows results for France-Spain and Tunisia-Norway.

RÍÐILL 3 Í ZADAR, KRÓATÍU

Table with 4 columns: Team, Score, Goals, Assists. Shows results for Japan-Alsír and Croatia-Russia.



FRÁBÆR Arnór Atlason lék mjög vel í gær.

Arnór Atlason átti stórleik: Óttast ekki Svíana í dag

HANDBOLTI „Við erum inni í leiknum allan tímann og þetta er eðlilega svekkjandi. Mér fannst dauðafærin fella okkur en sóknin var samt í góðu lagi. Ég held að vandamálið liggi frekar í vörninni en í sókninni,“ sagði Arnór Atlason sem átti sannkallaðan stórleik í gær.

Landsliðsþjálfarinn og markvörðurinn svektir eftir tap gegn Pólverjum:

Töpuðum þessu ekki á vörninni

HANDBOLTI „Það féll ekki með okkur í dag. Við klúðruðum of mikið af dauðafærum til þess að klára leikinn. Við náðum ekki því sem við ætluðum okkur í fyrri hálfleik að ná hraðaupphlaupum.



VONBRIGÐI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hugsi í gær.

magnaðan leik í markinu og varði oft og tíðum stórkostlega. „Við vorum inni í leiknum allan tímann og vantaði oft bara herslumuninn. Það djöfluðust allir eins og vitleysingar og við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir frammistöðuna því menn eru að leggja sig fram,“ sagði Hreiðar sem sagðist hafa notið þess að spila í stemningunni í gær.

Vorum að spila við sterkt lið „Mér fannst við ekki tapa þessu á vörninni. Sóknin klickaði á köflum, ekki síst þegar við erum manni fleiri. Það eru menn í liðinu sem eiga meira inni. Það má ekki gleyma því að við vorum að spila við mjög sterkt lið en auðvitað erum við hundsvektir,“ sagði Guðmundur sem ætlað er að dvelja of lengi við þennan leik enda stríðið ekki tapað.

Fáránlega flott stemning „Það var geggjað. Þetta var fáránlega flott stemning og það er einstakt að spila í svona umhverfi þar sem allir eru á móti manni. Pólverjarnir mega nú samt eiga það að þeir voru kurt-eisir,“ sagði Hreiðar og brosti. Hreiðar varði 17 skot í gær og mörg þeirra úr algjörum dauðafærum.



SNORRI STEINN Skoraði sjö mörk.

Snorri Steinn Guðjónsson: Stóðumst ekki prófraunina

HANDBOLTI „Það er ekki spurning að við förum með þetta sjálfir. Fengum tækifærin en klúðrum því og erum því að elta allan leikinn,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson ókátur en hann átti flottan leik í gær og skoraði mikilvæg mörk ásamt því að stýra sóknarleiknum.



RETT VIÐ LÁGMARKIÐ Sigrún Brá Sverrisdóttir, sundkona úr Fjölni.

Sigrún Brá og Hrafnhildur: Enn nær lág-mörkum á ÓL

SUND Sigrún Brá Sverrisdóttir, Fjölni, og Hrafnhildur Lúthersdóttir, SH, keppast nú við að ná lágmarkum inn á Ólympíuleikana.

Sigrún Brá var aðeins 28 sekúndubrotum frá því að synda sig inn á Ólympíuleikana á fyrsta alþjóðlega SH-mótinu sem lauk í gær.

Sigrún Brá er búin að ná b-lágmarkum í 100 metra skriðsundi en þar er Ragnheiður Ragnarsdóttir með betri tíma og því liggur Ólympíudraumur hennar í að ná lágmarkinu í 200 metra skriðsundi.

SH-sundkonan Hrafnhildur Lúthersdóttir synti undir b-lágmarkum í 100 metra bringusundi og setti stúlknamet en var þó aðeins frá nýju Íslandsmeti Erla Dögg Haraldsdóttur sem tryggir henni sæti Íslands í greininni.

- óóó

Leikið upp á líf og dauða

Íslenska kvennalandsliðið mætir því rúmenska í fyrri umspilsleiknum um laust sæti á EM kvenna í dag. Rúmenska liðið er meðal þeirra bestu í heimi.

HANDBOLTI Rúmenska kvennalandsliðið varð í fjórða sæti á HM í desember á síðasta ári.

Fram undan eru tveir leikir sem skera úr um hvor þjóðin kemst í úrslitakeppni EM.

Landsliðið lék tvo leiki gegn danska úrvalsdeildarliðinu Kolding um síðustu helgi í undirbúningi sínum fyrir leikina.

„Ég var í sjálfa sér sáttur með leikinn á móti Kolding. Fyrri leikurinn var lakari en sá síðari þegar við spilðum aðra vörn.

Ísland kemur inn í leikina sem litla liðið og telur Júlíus að það geti hjálpað.



PUNGUR RÓÐUR Guðmundur Ingvarsson formaður HSÍ, Júlíus og Raket á blaðamannafundi fyrir leikinn.

þurfum að eiga fjóra góða hálfleiki til að eiga möguleika,“ sagði Júlíus.

Landsliðið lék gegn því rúmenska fyrir rúmu ári og tapaði þá nokkuð stórt.

Raket Dögg Bragadóttir fyrirliði segir að Ísland eigi að geta unnið það rúmenska, en aðeins á

góðum degi. „Við vitum að Rúmenar eru með sterkt lið en það vinnur kannski með okkur að eiga heimaleik fyrst og geta strítt þeim hér.

Raket kvaddist ánægð með leikina gegn Kolding en sagði að seinni bylgjan í hraðauppflaupunum væri eitthvað sem þyrfti að skoða auk hlutanna sem Júlíus benti á.

hjalti@frettabladid.is



MIKILVÆGUR Keflavíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson í vörn gegn HK.

Landsbankadeild karla: Einstök byrjun hjá Keflavík

FÓTBOLTI Keflavík er eina liðið í Landsbankadeild karla í sumar sem hefur ekki tapað stigi í fyrstu fjórum umferðum deildarinnar.

Keflavík hefur fengið á sig mark í öllum fjórum leikjunum en öllum hinum átta liðunum sem hafa unnið fjóra fyrstu leiki tímabilsins, frá því að deildin innihélt fyrst tíu lið 1977, tókst að halda hreinu í að minnsta kosti einum leik.

Keflavíkurliðið hefur fengið á sig sex mörk í þessum fjórum leikjum og slær með þessu út árangur Valsmanna frá 1978.

FULLT HÚS EFTIR 4 LEIKI:

Table with 2 columns: Team and wins/losses/draws. Includes Valur 1978 (12-4), Fram 1980 (5-0), IA 1995 (8-1), Keflavík 1997 (7-1), FH 2005 (12-1), Valur 2005 (10-2), FH 2007 (11-3), Keflavík 2008 (12-6).

1. deild karla í fótbolta: ÍBV-liðið áfram með fullt hús

FÓTBOLTI Eyjamenn hafa unnið fyrstu fjóra leiki sína í 1. deild karla í fótbolta og eru á góðri leið með að endurheimta sætið sitt í efstu deild.

Pétur Runólfsson og Ingi Rafn Ingibergsson tryggðu liðinu 2-0 útisingur á Víkingi í Ólafsvík á föstudagskvöld.



LOKSINS Kevin Garnett fær í fyrsta sinn tækifæri til að spila um titilinn.

Lokaúrslit NBA-deildarinnar: Boston og LA Lakers mætast

KÖRFUBOLTI Boston Celtics er komið í lokaúrslit NBA-deildarinnar í fyrsta sinn í 21 ár eftir 89-81 sigur á Detroit í sjötta leik úrslita Austurdeildarinnar og mætir þar gamla erkifjanda sínum Los Angeles Lakers sem vann einmitt 4-2 þegar liðin mættust síðast í úrslitunum 1987.

Það dreymdi margu um þetta úrslitaevnigi fyrir úrslitakeppni og nú er sá draumur orðinn að veruleika. Lakers tryggði sér sæti í úrslitum kvöldið áður með því að vinna NBA-meistara San Antonio Spurs 4-1.

- óóó

Advertisement for Landsbankinn featuring a large soccer player silhouette and a table of match schedules for the Landsbankadeild karla and kvenna.

High Tea á Hilton

Farðu ekki á mis við yndislega breska hefð sem breiðst hefur út um heimsbyggðina og er nú loksins í boði á Íslandi, á VOX bar.

Kampavín og gómsætar samlokur, kökur og ferskir ávextir, te eða kaffi, listilega borið fram í alþjóðlegu andrúmslofti. Bretar mæla með því að þú bjóðir góðum vini að njóta veitinganna með þér.

High Tea er framreitt á VOX bar
alla daga kl. 14-18.

V O X

RESTAURANT/BISTRO

VOX Restaurant
18.30 - 22.30
Opið þri. - lau.

VOX Bistro
11.30 - 22.30
Opið alla vikuna

Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 50 50



Valdimar Einar Valdimarsson, þjónn á VOX, vill að þú njótir hvernar mínútu á staðnum þar sem hann hlaut sitt faglega uppeldi. Hann er stoltur af starfi sínu og uppfyllir óskir þínar með mestu ánægju.



BAKÞANKAR
Þorbjargar
Sigríðar
Gunnlaugsdóttur

Grenjað á Bifröst

Ég fór á Kvinnaráðstefnu í vikunni með vinkonum mínum, nánar tiltekið á tengslanet á Bifröst þar sem um fjögur hundruð konur komu saman. Fyrst fór ég á þessa ráðstefnu fyrir þremur árum, með mömmu og yngri dóttur minni sem þá var næstum sex vikna. Ég tók þátt í pallborði um samræmingu atvinnu og fjölskyldu og mér finnst það eitthvað svo skemmtilega lýsandi að mamma kom með mér til að passa yngri dótturina á meðan ég flutti erindið.

REYNDAR hefur mér fundist þetta vera kjarni málsins hvað varðar vinnu ungra foreldra. Samræming vinnu og fjölskyldu byggir mjög á því að eiga góða foreldra og tengdaforeldra og í minni fjölskyldu fá ömmur og afar öllsömul ágætiseinkunn fyrir samræmingu atvinnu og barnabarna. Skemmtilegar lausnir, eins og Vala Matt myndi orða það.

ÞÆR gagnrýnisráddir heyrast nefnilega æ oftast meðal ungra foreldra að nútímaamman sé ekki lengur blíðróma feitlagin kona, eplarjói í kinnum af því að baka kleinur ofan í blessuð börnin, heldur séu ömmurnar sjálfar á frambraut og þess á milli uppteknar með „stelpunum“ á opnunum og frumsýningum, gjarnan með hvítvínsglas í hendi.

EN mamma fékk sem sagt það hlutverk að gæta litlu dómunnar á meðan ég taldi mig halda innblásna ræðu. Þá hafði amman ekki lært tókin á litla barninu og mér skilst að hún svitni enn við að rifja atvikið upp. Hennar hlutskipti varð að ganga með organdi barn um gólf inni á einhverju bókasafninu á Bifröst, í þeirri von að yngsti gestur tengslanetsins yfirgnæfði ekki heilt pallborð kvenna.

AMMA Guðrún hafði þó mætt vopnuð til leiks, með pela, snuð og bleiu, en þetta fyrsta stefnumót stúlkubarnsins við pelann var með þeim hætti að hann var kolfeldur með öllum greiddum atkvæðum. Síðan höfum við talað um Bifrastarsyndrómi þegar rætt er um fólk sem algjörlega hefur misst tókin í lífinu.

EINHVER gæti svo lagt merkingu í það að nú að þremur árum liðum þegar við mamma mættum aftur á tengslanet fór ég með mínum vinkonum en hún með föðursystur minni. Sennilega hefur hún metið stöðuna sem svo að minni líkur yrðu á því að hún þyrfti að fylgja henni Margréti föðursystur minni grenjandi inn á bókasafn. Sú varð reyndin og í ár var gleðin ein við völd á Bifröst.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 1. júní,
154. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|-----------|-------------|--------|----------|
| Reykjavík | 3.22 | 13.25 | 23.31 |
| Akureyri | 2.32 | 13.10 | 23.52 |

Heimild: Almanak Háskólans



» Ferðafélaginn

Ferðafélaginn er nýtt afþreyingarkerfi sem Iceland Express hefur tekið í notkun. Geta farþegar Iceland Express leigt Ferðafélagann og horft á íslenskar og erlendar kvikmyndir, sjónvarpsþætti, barnaefni eða leikið tölvuleiki.

» Hollar máltíðir

Fjölbreyttur, hollur og góður matur frá Ávaxtabílnum. Enginn viðbættur sykur, engin sætuefni og engin hert fita.



Hafðu það gott um borð!

Við leggjum ríka áherslu á að farþegar Iceland Express njóti ferðalagsins sem allra mest. Hollur matur, afþreying við allra hæfi og hlýtt viðmót - frá flugtaki til landingar.

Iceland Express 
með ánægju



» Barnabox

Iceland Express býður upp á barnabox gegn vægu gjaldi handa yngstu ferðalöngunum. Barnaboxin innihalda léttu máltíð, lita- og þrautabók og liti til að stytta þeim yngstu stundirnar um borð.